

**KNATTSPYRNUMAÐURINN
JÓHANNES KARL
GIFTIR SIG Í SUMAR**



**SILVÍA GERIR ALLT VITLAUST
Í SVÍTUNNI Á HILTON-
HÓTELINU Í TÓKÝÓ**



héraðinn

Fimmtudagur 9. mars 2006 - 10. tbl. - 2. árgangur - Verð: 395 krónur

395kr.
blöð í
prjú einu

**SVERRIR STORMSKER
KOMINN MEÐ
KÍNVERSKA KERLINGU**



**Byr í
Kína!**

**BUBBI
UM ÍNU
Í IDOLINU**



**ÞARF AÐ TAKA
SKROKKINN**

Í TÆTLUR

**BJÖRGÓLFUR
THOR FLAUG Á
EINKAÞOTUNNI
Á ÓSKARINN**

**SKOÐAÐI
KVIKMYNDAFYRIRTÆKI
I HOLLYWOOD**

**Innrás
í L.A.**



ALLT UM ÓSKARINN

ISSN 1670-598X



9 771670 598005

L'

O

R



1. Styrkir samstundis.

Sérstakalega styrkjandi gel, með þrisvar sinnum meiri strykleika af pro-tensium*.

Bein styrkingaráhrif: 75% **

ANDIE MACDOWELL

É

A

L

PARIS

DERMO-EXPERTISE

Öflug styrking
húðarinnar.

REVITALIFT DOUBLE LIFTING

NÝTT

ÖFLUGT STYRKINGARGEL + HLUKKUARNARKERM



2. Dregur úr hrukkum frá degi til dags.

Hrukkuvörn með pro-rétinol A öreindum.

-20% minni hrukkur á 1 viku ***

DERMO-EXPERTISE.
FRÁ FAGMENNSKU TIL FEGURÐAR.

ÞVI ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

L'ORÉAL
PARIS

* En í hinum hrukkuvarnarkremunum í Dermo Expertise línum
** Sönnuð áhrif, prófað á 52 konum
*** Prófað á 40 konum

Te ársins kemur frá Afríku
en er reyndar ekki te!



Rooibos frá Afríku - þrjár tegundir

Í rauninni er Rooibos alls ekki te. Það býið til úr rauðum runna sem vex í Cedarberg-fjöllum í Suður-Afríku. Rooibos er lagað eins og venjulegt te. Djúp-rauður liturinn og mildur ilmur með krydduðum keimi gera tедыkkjuna að notalegri upplifun. Rooibos inniheldur ekki kaffín.

**PICKWICK**

hér & nú

3 blöð í einu



7

STJÖRNUFRÉTTIR

- 6** Eva Bergþóra og Eyjólfur eiga von á barni í maí.
- 7** Sverrir Stormsker fluttur til Kína og kominn með kerlingu.
- 8** Bubbi um Ínu í Idolinu. Verður að taka skrokkin í tætlur.
- 10-11** Björgólfur Thor skoðar kvikmyndafyrirtæki í Los Angeles.
- 12-13** Helgi Björnsson ætlar að opna leikhúshöllina með Túsildingsóperunni.
- 14-15** Innlendir molar og pistill ritstjóra.
- 16-17** Fallegir kjólar á rauða dreglinum í ár.
- 18-19** Kjöttkeðjuhátið í Rió.
- 20** Jóhannes Karl Guðjónsson. Giftir sig á Skaganum í sumar.
- 22-23** Heiðar Jónsson bíður eftir að komast aftur á skjáinn.

LÍFSSTÍLL

- 25** Helga Björg Jónasdóttir er með kertagerðina Vaxandi.
- 26-27** Idol-opna. Allt um Idolið.
- 28-29** Árshátíð 365 ljósvaka- og prentmiðla.
- 30-31** Bransasagan. Jakob Frímann Magnússon segir okkur sögur frá Stuðmönnum.
- 32-33** Fataskápur stórsöngvarans Geirs Ólafs.
- 34-35** Pétur Gautur frumsýndur.
- 36-37** Stelpurnar í Ungfrú Reykjavík.
- 38** Wig Wam á NASA.



22-23

ALVÖRU FÓLK

- 41** Kjartan Arnald Hlööversson. Er atvinnuþrúðador.
- 42-43** Hafdís Ósk Haraldsdóttir er átján ára en hefur upplifað meira en flestir á hennar aldri.
- 44-45** Henning Þór Hauksson hefur unnið í dyrunum í nær áratug.
- 46-47** Lára Ómarsdóttir er dóttir Ómars Ragnarssonar og fréttakona á NFS.
- 48-49** Bóndinn Hafsteinn Pálsson safnar plötum.
- 50-51** Ástarsagan. Ágúst Ólafur Ágústsson og Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir.
- 52-53** Sirry segir. Lærum að njóta lífsins eins og Kúbverjar.
- 54-56** Eitt öflugasta fyrirtæki í eigu Íslendinga í tölvugeiranum er CCP.
- 58-59** Útvarpsmaðurinn knái Heiðar Austmann í dragi.
- 60-61** Aron Brink. Langar að leika aftur í bíómynd.
- 62** Tíu hlutir. Kolbrún Halldórsdóttir.
- 64** Spurðu vin þinn. Skemmtilegasta spurningakeppni í heimi.
- 66** Krossgáta vikunnar
- 67** Hér & nú-stúlkan. Lilja Magnúsdóttir, 17 ára.



42-43



46-47



60-61

Pizza Hallm

Alltaf Góðar

Roastbeefpizza ~ Parmaskinkupizza
Grænmetispizza með sólpuurrkuðum tómötum
Kjúklingapizza með gullosti ~ Ostaveisla með ribsgel

Valbraut **5 68 68 68** Mjódd

Fjölgar hjá Evu Bergþóru og Eyjólfí Sveinssyni

EIGA VON Á BARNI Í MAÍ

Sjónvarpsfréttakonan Eva Bergþóra Guðbergsdóttir á von á barni í maí ásamt eiginmanni sínum Eyjólfí Sveinssyni. Fyrir eiga þau soninn Svein Atla sem verður fjögurra ára á þessu ári. Eva og Eyjólfur hafa verið hér á landi undanfarið vegna málaferla, en þau búa í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Eva hefur verið að senda sjónvarpsstöðinni NFS innslög frá Bandaríkjunum og þar má sjá að stelpan hefur engu gleymt. Eyjólfur, eiginmaður Evu, er kunnur athafnamaður en hefur staðið í ströngu í héraðsómi vegna fjármálaóreiðu. Eva er fædd árið 1972 og var hún aðstoðar-

fréttastjóri á Stöð 2 um tíma. Eva ber sig vel á meðgöngunni og er stórglæsileg eins og vanalega.

Eva er frábær

Í viðtali við Hér & nú segir móðir Evu Bergþóru, Elín Þóra Friðfinnsdóttir. „Eva er bara frábær, hún er dugleg og skemmtileg og með góðan hómor, alveg frábær. Hún er mjög góð manneskja. Hún er elsta stelpan mín og hefur reynst systur sínum vel og er vin kona þeirra. Hún gerir allt sem hún ætlar sér. Þegar við fluttum til Bandaríkjanna þegar hún var fimm ára sagði hún ekki orð á ensku í mánuð en talaði hana síðan reiprennandi eftir það.“ Móðir Evu er því greinilega mjög stolt af stelpunni sinni. Ekki er vitað hvort Eva ætlar að eiga barnið á Íslandi eða í Bandaríkjunum.



Eyjólfur Sveinsson
Ætti að vera orðinn spenntur því barnið á að fæðast í maí.

Annað barnið

Flott mamma Það er farið að stytast verulega í fæðinguna hjá Evu.

Skýr
smoothie

B K V Þ Ö R Y K K U R



Strömbur
Sítón
Raspber
Epli
Súkkla

Sverrir Stormsker fluttur til Kína

Kína Hér er Sverrir búinn að vera síðustu mánuðina að kaupa sér hurðir.

KOMINN MEÐ

KÍNVERSKA

KERLINGU

Ég er að gera allan andskotann, meðal annars að kaupa hurðir og svoleiðis í hús sem ég er að smíða á Íslandi," segir hinn eini sanni Sverrir Stormsker, sem er búinn að vera í Kína í nokkra mánuði. Hann hefur það gott og veit ekkert hvenær hann kemur heim. „Það getur verið að ég verði hérna heillengi í viðbót, jafnvel 8 til 9 mánuði í viðbót,“ segir Sverrir, sem missti húsið sitt í bruna fyrir nokkru.

Hann er greinilega stórhuga og er að byggja, þótt hægt gangi. Mun nýja húsið líklega vera í kínverskum stíl þar sem hann leitast uppi hurðir í Asíu. En ertu kominn með konu? „Já, já, ég er með kerlingu hérna úti, hún er kínversk,“ segir Sverrir og á honum heyrir að hann er sáttur við lífið. Sverris bíður óvissan en eitt er víst að honum líður vel og er ekkert að stressa sig á því að koma aftur heim til Íslands.



Sverrir Stormsker Er búinn að vera í Kína í nokkra mánuði og veit ekkert hvenær hann kemur heim.



Kaupir hurðir!

Hurð Eitthvað í líkingu við þessa hurð gæti Sverrir hafa fest kaup á í Kína.

Bubbi Morthens um Ínu í Idolínu

Slegið í gegn!

MEÐ FÍNT ANDLIT EN VERÐUR AÐ TAKA SKROKKINN Í TÆTLUR

Ína kom mér rosalega á óvart. Hún er sautján ára og er með svona grand rödd. Rödd sem dugar hvar og hvenær sem er. Hún er með fínt andlit en það eina sem háir henni, og ég verð að vera heiðarlegur og segja það sem mér finnst, er að hún verður að taka skrokkinn í tætlur," sagði Bubbi Morthens í viðtali við Svavar Örn í Idol extra eftir þar-

síðasta þátt í Smáralindinni. Þemað það kvöldið voru gömul íslensk dægurlög og var Bubbi mjög ánægður með kvöldið. „Mér fannst þetta privat og persónulega skemmtilegasta kvöldið, þessi lög eru æðisleg," sagði hann, greinilega mjög ánægður með keppendur.

Bubbi sagði í viðtalinu að hann hefði verið mjög skarpur og

óvæginn en einnig hefði margt komið sér á óvart.

Keppnin í Idolínu verður sífellt harðari og má sjá allt um úrslitin úr síðasta þætti aftur í blaðinu. Þá var þemað Brit-pop og var það hin frábæra Nana sem þurfti að kveðja. Í þættinum annað kvöld verður í fyrsta sinn svokallað big-band á sviðinu þar sem gömlu slagararnir verða rifjaðir upp.



Á kaffihúsi Bubbi skellti sér á Café Adesso fyrir Idol-keppnina á föstudaginn.



Ína frá Húsavík
Hefur slegið í gegn í Idolínu en þarf að taka skrokkinn í tætlur, að sögn Bubba.



Við erum klár



fyrir þig/ykkur



Margir frábærir réttir á matseðlinum hjá okkur

...við bjóðum upp á frábæra aðstöðu til að halda afmæli, einka-, starfsmanna- og steggjapartý eða hvað sem þér dettur í hug...

keila pool
leiktæki
diskókeila
karokée
golfhermir
beinar útsendingar
hádegismatur
kvöldmatur

gæsapartý
einkasamkvæmi
barnaafmæli
fyrirtækjapartý
steggjapartý
skólahópar



KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN

Sport
RÖCK



SKOÐAR KVIKMYNDAFYRIRTÆK

Björgólfur Thor var í kvikmyndaborginni á Óskarnum

STJÖRNU-
FRÉTTIR

Sigurvegarrar Philip Seymour Hoffman og Reese Witherspoon fóru heim með Óskar þetta kvöldið. Ekki er vitað hvort Björgólfur hafi hreppt gull.

„Ég held að tímasetningin hafi með það að gera að allir sem koma eitthvað við sögu og skipta einhverju máli í Bandaríkjunum voru í þessari borg þessa helgi.“

Ég veit að hann er að taka þátt í verkefni og fór út þessa helgi,” segir Ásgeir Friðgeirsson, upplýsingafulltrúi Björgólfsfæðganna, um erindi Björgólfs Thors í kvikmyndaborginni um síðustu helgi. „Björgólfur hefur mikið verið að fjárfesta í farsíma- og fjarskiptafyrirtækjum. Líkt og fyrirtækið sem þú vinnur hjá er það í senn efnisveita og símafyrirtæki. Hann er sem sagt að skoða tækifæri í

svokölluðum efnisveitum og eitt slíkt var leikjafyrirtækið CCP sem Novathor festi kaup á 38% hlut í og var tilkynnt í síðustu viku,” segir Ásgeir.

Sömu helgi og Björgólfur var í Los Angeles fór fram afhending óskarsverðlaunanna. Er hann að fara eitthvað í kvikmyndabransann? „Erindi hans í kvikmyndaborginni þessa dagana var að skoða nokkur tækifæri sem tengjast kvikmyndum, kvik-

myndagerð og dreifingu.“

Var það eitthvað tengt Óskarnum? „Ég held að tímasetningin hafi með það að gera að allir sem koma eitthvað við sögu og skipta einhverju máli í Bandaríkjunum voru í þessari borg þessa helgi,” segir Ásgeir, sem vissi ekki hvort Björgólfur hitti einhverja fræga í ferðinni. En nóg var allavega af stjörnunum á Óskarnum eins og sjá má í Hér & nú í dag. Einnig er ítarleg umfjöll-

un um CCP-leikjafyrirtækið og ævintýrið á bak við það aftar í blaðinu. Björgólfur fór út með mönnum úr kvikmyndabransanum hér heima og flugu þeir að sjálfsögðu á einkaþotu auðkýfingsins.

I LOS ANGELES

**Innrás í
Hollywood!**


Björgólfur Thor Var staddur í kvikmynda- borginni að skoða tækifæri tengd kvikmyndum. Samsett mynd.

Ásgeir Friðgeirsson Upp- lýsingafulltrúi Björgólfsfeðg- anna segir Björgólf hafa verið að skoða tækifæri í svokölluðum efnisveitum.

Einkapötan Björgólfur á stórglæsilega einkapötu.

FRÆGASTI ROKKARI ÞÝSKALANDS

Helgi Björnsson ætlar að opna leikhúshöll sína í Berlín með Tús



Þýsk stórstjarna

Campino, söngvari þýsku rokkveitarinnar Die Toten Hosen, fer með aðalhlutverkið í Túsildingsóperunni í leikhúshöll Helga.

Ótrúlegur íburður Svona er umhorfs í stærsta salnum í húsinu en hann rúmar 1760 manns.



Eins og kom fram í síðasta tölublaði Hér & nú keypti rokkhundurinn og leikarinn Helgi Björnsson glæsilega leikhúshöll við Friedrichstrasse í hjarta Berlínar fyrir skemmstu. Í samtali við Hér & nú segir hann að planið hafi lengi verið á teikni-borðinu. „Við erum bara á fullu í endurbýggingu og ætlum að opna leikhúsið með pomp og pragt í ágúst.“

Eins og kom fram í umfjöllun blaðsins í síðustu viku eru fjölmargir salir í þessu risavaxna leikhúsi og mun það meðal annars hýsa glæsilegan veitingasal, kaffihús, baðhús og þrjá stóra leiksal. Helgi segist vera gríðarlega spennur fyrir þessu verkefni enda hefur hann verið að vinna að verkefninu í kyrrþey síðan 2003 með Jóni Tryggvassyni kvikmyndagerðarmanni og þremur þýskum kaupþýslu- og leikhúsmönnum.

Rosaleg baðhöll

Baðhúsið sem Hér & nú fjallaði um í síðasta tölublaði er að sögn Helga hið glæsilegasta. „Baðhúsið er alveg geðveikt og

það er verið að reyna að gera það upp í upprunalegri mynd.“

Helga er greinilega mikið í mun að halda í hinn forna glæsi-stíl sem var yfir byggingunni á blómaskeiði hennar fyrir síðari heimsstyrjöld: „Þetta eru endalausir salir. Þetta eru þrjú stór leikhús. Stóra leikhúsið rúmar 1760 manns í sæti. Upphaflega var stóri salurinn skautasvell.“

Stóð af sér stríðið

Húsið var byggt árið 1911 og er eitt af fáum húsum af þessum kalíber sem stóðu af sér stríðið. En af hverju hefur enginn rekstur verið í húsinu frá 1997?

„Þetta náttúrulega var austan-megin í Berlín. Það fjaraði bara undan starfsgrundvelli hússins þegar aðstæður breyttust, þetta var óperettuhús undir lokin, svo hafði borgin ekkert efni á að reka það. Þegar múrinn féll fjaraði hægt og rólega undan því. Við ætlum að rífa þetta upp og erum frekar bjartsýnir á þetta.“

Opna með Túsildingsóperunni

En hafa þeir fyrirhugað að

setja íslensk verk upp í leikhúsinu?

„Nei, ekkert sem hægt er að segja frá, þannig. En það verður opnað í haust með Túsildingsóperunni, þýskri uppfærslu. Klaus Maria Brandauer, einn frægasti leikari Þýskalands, leikstýrir verkinu og einn frægasti rokk-söngvari Þýskalands, Andreas Frege betur þekktur sem Campino söngvari hljómsveitarinnar Die Toten Hosen, mun fara með aðalhlutverkið. Þetta verður algjör mega-próduksjón.“ segir Helgi.

Náttúruleaus í Berlín

Þegar gengið er á Helga segir hann að líklegt sé að eitthvað íslenskt efni verði flutt til Berlínar til sýninga þó ekki hafi hann heyrt um að Römeó og Júlía Vesturports verði sýnt þar. „Það hefur verið til umræðu að fara með virkjanatónleikana sem haldnir voru í Höllinni

þangað. Það eru uppi hugmyndir um að „Ertu að verða náttúruleaus?“-batterið mæti til Berlínar í húsið. Það þarf að breiða málstaðinn gegn virkjunarstefnunni út víðar. Það er ekkert búið að staðfesta það neitt ennþá en það er verið að vinna í málinu.“

Fórnaði lokkunum

Helgi stendur ekki einungis í stórræðum við leikhúshöllina heldur er hann einnig að leika í kvikmyndinni Köld slóð. „Tökurnar ganga mjög vel og myndin verður örugglega mjög góð,“ segir Helgi, en hann þurfti að láta rokkhárið flakka fyrir hlutverkið.

„Já, maður tók bara kívíklippinguna á þetta,“ segir rokkarinn sem segist ekkert sakna lubbans enda kominn tími til að breyta til.

Damien á sviðið? Að sögn Helga eru uppi hugmyndir um að flytja virkjunarandstöðutónleikana til Berlínar.



OPNAR LEIKHÚSHÖLL HELGA BJÖRNS

skildingsóperunni



Metropol-leikhúsið
Hefur ekki verið notað frá 1997 en verður opnað í ágúst.

STJÖRNUFRÉTTIR

Stendur í stórræðum
Helgi Björnsson stendur í stórræðum í leikhúsbrenslunum í Berlín.



Rokkhárið farið Helgi þurfti að fóna lubbanum fyrir hlutverk í kvikmyndinni *Köld slóð*.

Lokkarnir farnir!



RAUTT EÐAL GINSENG

Skerpir athygli - eykur þol

1. Meiri virkni.
2. Mun meiri andasunarefni.
3. Minni líkur á aukaverksamum.
4. Meiri stöðugleiki og mun lengra geymslupól eða 10 ár samanborið við 3ja ára geymslupól hvíts ginsengs.

Virka m.a. gegn:
Einbeitingarskortri, streitu,
þreytu og afkastarýrnun
Einnig gott fyrir aldraðaf



www.ginseng.is



Útgáfufélag 365 – prentmiðlar.

Útgefandi Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson ábm.

Ritstjóri Breki Logason, breki@hognu.is.

Ritstjörn Brynja Björk Garðarsdóttir, brynjab@hognu.is, Jón Mýrdal, myrdal@hognu.is, Ragnar Pétursson, ragnar@hognu.is.

Hér & nú Skaftahlíð 24, 105 Rvík, sími: 550 5000. Fax Auglýsingar: 515 7599 – Ritstjörn: 550 5075. Netfang Ritstjörn: ritstjorn@hognu.is – Auglýsingar: auglysingar@hognu.is. Setning og umbrot 365 – prentmiðlar. Prentvinnsla Isafoldarprentsmiðja. Dreifing Pósthúsið ehf., dreifing@posthusid.is. Hér & nú áskilur sér rétt til að birta aðsendar myndir í tímaritinu á stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Ekki til, en væntanlegt

Af hverju er ekkert til í IKEA? Vinur minn var að kaupa sér íbúð en fær engin húsgögn. Ekki til en væntanlegt, segja þeir. Á hann bara að sitja á pappakassa langt fram á sumar? En nú er sumarið einmitt að koma. Fyrst eru það þó páskaþeir sem alltaf eru voðalega skrytín hátíð. Ég hef aldrei verið mikið fyrir páskaegg en þjóðin virðist gúffa þessu í sig ár eftir ár. Það er eins gott að Nói Sírius taki ekki upp sömu stefnu og IKEA. Og allir fá páskaegg í skóinn.

Stórfrétt vikunnar hlýtur samt að vera vandræðin í Framsóknarflokknum. Árni Magnússon fær fínt djóbb í banka og Siv bara komin aftur í ríkisstjórn. Ég fíla Siv og Össur Skarphéðinsson vill gera hana að næsta formanni flokksins.

Veit ekki alveg með það en erðaprinsinn er stokkinn úr pólitíkinni og því fækkar í liði flokksins. Ætli þeir í flokknum lendi ekki bara í því sama og IKEA með framboðslistann í næsta prófkjöri. Ekki til, en væntanlegt, og fólk þarf að bíða eftir fullmótuðum og elgtönnuðum Birni Inga.

Annars var ég mjög svekktur þegar ég horfði á Óskarinn um síðustu helgi. Beið spenntur eftir að sjá Rúnar Rúnarsson taka við stýttunni en svo kom bara einhver breskur dúd og hirti þetta allt saman. Hef reyndar ekki séð Síðasta bæinn. Hef þó heyrt fína hluti um hana. Fannst líka fyndinn brandarinn um Björk, kjólinn og Dick Cheney.

Hér & nú er stútfullt af flottum fréttum, rétt eins og fyrri daginn. Björgólfur Thor í Hollywood, Sverrir Stormsker í Kína, Helgi

Bjöess í Berlín og Silvía

Nótt í Japan. Hvar

endar þetta allt

saman? Miðað

við sjóðandi

heitt blað og

áhugaverðar

fréttir

gætu sölu-

staðir Hér

& nú þurft

að taka upp

sömu stefnu og

IKEA... Og þó.

B r e k i

Logason



Silvía Nótt slær í gegn í Japan

Slá í gegn Silvía Nótt og Romario eru á Hilton-hótelinu í Tókýó.


GISTIR Í SVÍTU Á HILTON-HÓTELINU



Silvía Nótt er stödd í Tókýó þessa dagana í boði stórs plötufyrirtækis. Þar er hún að skoða samninga og fer einnig í nokkur sjónvarpsviðtöl. Silvía gistir í forsetasvítunni á Hilton-hótelinu, ásamt Romario að sjálfsgöðu. Einnig hafa heyrst fréttir af því að hún sé búin að ganga frá samningi við japanska sjónvarpsstöð í Tókýó. Það er ágætt að Silvía geti hvílt lúin bein í Asíu áður en hún gerir allt tryllt í Aþenu í maí.

Stúlkurnar úr Bikinimódeli ársins TIL SPÁNAR MEÐ KANYE WEST

Fimmán stúlkur úr keppninni Bikinimódel ársins voru valdar til að fara til Spánar ásamt rapparanum skemmtilega Kanye West en þar verður slegið upp risavöxnu partíi á vegum MTV-sjónvarpsstöðvarinnar. Stúlkurnar halda utan um helgina en það má vafalaust búast við miklu stuði ef marka má sögusagnir um teiti á vegum MTV. Sigurvegari keppinnar verður svo krýndur síðar í mánuðinum.



Einar Ágúst býr enn í Vogunum DJAMMAÐI Á YELLO

Disgóbyttan Einar Ágúst Víðisson skellti sér á djammað um helgina. Var hann staddur á nýopnaða skemmtistaðnum Yello í Keflavík. Einar býr í Vogum á Vatsleysuströnd í húsi frægasta handrukara landsins, Annþórs Karlssonar. Einar var einmitt handtekinn á heimili Annþórs fyrr í vetur en hann mun eitthvað hafa minnkað djammað. Var hann þó að fá sér í glas á Yello, en staðurinn er vist troðfullur allar helgar. Einnig hefur heyrst að Einar ætli að rifja upp gamla takta og fara að trúbadorast.



HELGIN SEM LEIÐ Á DJAMMINU

Það voru heldur betur stórstjórnur á Yello í Keflavík um helgina. Bæjarstjórnin Árni Þór lét sjá sig ásamt Frosta úr Mínus og Ásgeiri Kolbeins. Einnig var fasteignasali Andrés Pétur á svæðinu auk Gunnars Örlýgssonar þingmanns. Óli Geir skemmtastjóri á Traffic lét einnig sjá sig á Yello en fjörunu var að sjálf-sögðu stjórnað af Atla skemmtanalöggu.

Í Reykjavíkinni var margt um manninn og fallegustu konurnar voru á Pravda en þar var Hawaiian Tropic-kvöld. Mátti þar sjá fallegar stúlkur í röðum og stjórn-aði Ásdís Rán gleðinni á þeim bænum. Elísabet Thoraciouss var þar einnig, kynþokkafull að vanda, á spjalli við Dj Danna.

Á Ölstofunni sást til Gumma Jóns úr Sálinni. Þar voru einnig



súpertöfфарarnir í Gullfossi og Geysi, þeir Jói B og Reynir Lyngdal í góðu stuði.

Ofurtöffarinn Daniel Ágúst var á Sirkus og síðar sást til hans í hrókasamræðum við stjórnuhljósmyndarann Silju Magg fyrir utan. Fregnir herma að Ashley Simpson, systir Jessicu Simpson, hafi einnig látið sjá sig á svæðinu. Siggí í Hjálum var flottur og eins og venjulega var Árni Sveins eldhress á kantinum.

DJ Grétar úr Scope átti afmæli um helgina og mætti á limmósínu á Kaffibarinn með Bjössa brunahana og Alla í CCP. Á Kofa Tómasar frænda átti Gunnsa úr Bachelornum dansgólfið og fór hamförum. Það voru síðan miklir fagnaðarfundir þegar Jenný lét sjá sig á Kofanum og djömmuðu þær stóllur fram á nótt.



HRINGDU INN FRÉTT OG FÁ ÞU PENING 550 50 70 15.000 krónur kall!

Sástu einhvern frægan gera eitthvað fyndið? Veistu eitthvað sem enginn annar veit? Af hverju ekki að hringja í Hér & nú og fá smá pening fyrir fréttaskot? Fréttaskotssímssvarinn okkar er 550 50 70. Láttu í þér heyra og þú gætir átt fréttaskot vikunnar og fengið 15.000 krónur fyrir. Ef fréttin fer á forsiðu færðu 5.000 krónur og 3.000 ef fréttin þín ratar inn í blaðið. Láttu endilega í þér heyra.

FRÉTTASKOT hér&nú



Efnalaugin Björg

Gæðahreinsun
Góð þjónusta
Þekking
Þjónusta

Opið: mán-fim 8:00 - 18:00
föst 8:00 - 19:00
laugardaga 10:00 - 13:00



Fallegir kjólar á rauða dreglinum í ár:

REESE VAR STJARNNA KVÖLD

Óskarsverðlaunahátíðin var haldin í 78. sinn þann 5. mars síðastliðinn og var ekkert til sparað til þess að gera hátíðina sem allra glæsilegasta. Leikkonan Reese Witherspoon var svo sannarlega stjarna kvöldins en hún vann Óskar fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni *Walk the Line*. Kjólarnir á rauða dreglinum voru með fallegasta móti í ár og var lítið um mistök hjá stjórnunum.



STJÖRNUFRÉTTIR

Stjarna kvöldsins

Reese Witherspoon hafði svo sannarlega ástæðu til að gleðjast enda stjarna kvöldins. Reese vann Óskarinn fyrir besta leik í aðalhlutverki og var svo sannarlega sátt við sitt.



Úbbs! Minnstu munaði að Jennifer Garner dytti á andlíti þegar hún átti að opna umslagið sitt. Allt fór þó vel að lokum.

Rómantísk og sæt Uma Thurman var í fallegum kjól í rómantískum stíl og geislaði af henni enda alltaf jafn sæt.



Jennifer Lopez
Geislaði á rauða dreglinum í grænum kjól sem hæfði vexti hennar vel. Jennifer kann að nota línurnar.



Eins og goth-rjómaterta Hún Charlize Theron er vanalega stórglæsileg en þetta kvöld brást henni bogalístin. Kjóllinn hennar er eins og eitthvað úr gothneskri sögu í bland við rjómatertukjól með slaufu.



Glæsileg og elegant Keira Knightley var stórglæsileg í sígildum rauðum kjól sem fór henni afar vel. Hún minnti á gamaldags kvikmyndastjörnu.



SJÁIÐ KJÓLANA OG SKARTIÐ!



Kvenleg Leikkonan Felicity Huffman úr Aðþrengdum eigin-konum var kvenleg og sæt á hátíðinni og minnti alls ekkert á kynskiptinginn sem hún var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir túlkun sína á.

Texti: Brynja Björk Garðarsdóttir H&N-mynd Getty Images

LD SINS

Fallegt par Pau Ryan Philippe og Reese Witherspoon geisluðu af hamingju á hátíðinni enda hrepti Reese Óskar fyrir hlutverk sitt í *Walk the Line*.

Stjörnur á Óskar!




Alger bomba Leikkonan fallega Jessica Alba var alger bomba í þessum glæsilega kjól. Jessica hefur það og er alls óhrædd við að sýna það.




Jennifer Aniston Var stórglæsileg í sigildum svörtum kjól. Jennifer veit hvað virkar og bregður sjaldan út af vananum en hún mætti alveg prófa aðeins sterkari líti öðru hverju.






Stórborg á iði Loftmynd af miðborg Rio de Janeiro á upphafsdegi hátíðarinnar í ár.



Ekkert til sparað
Einn af hinum glæsilegu vögnum sem dansskólarnir í Rio tefla fram í danskeppninni.



Allt tekur enda
Hér sést borgarstarfsmaður að stöfum við að þrifa ruslið eftir hátíðina.



Hér & nú kíkji á stemninguna á kjótkveðjuhátíð í Rio de Janeiro í síðus

SAMBADANS Á GÖT



Reynslubolti Fabia var líka skrautleg árið 2004 en hún hefur verið drottning fyrir sinn sambaskóla í fjöldamörg ár.

Aðdáandi númer eitt Ofurfyrirsætan Gisele Bündchen mætir árlega á kjótkveðjuhátíðina og lætur ekki sitt eftir liggja.





Pað er alltaf mikið um dýrðir þega kjötkveðjuhátiðin er haldin í Rio de Janeiro. Fólksfjöldinn streymir út á göturnar og stígur villtan sambadans fram á nótt. Hápunktur hátíðarinnar er þegar fulltrúar sambaskólanna fara fyrir liði sambaóðra dansara og sýna fagurlimaða líkama sína, lipurð og dansfimi. Síðan er sigurvegarinn valinn. Sambaskólarnir leggja mikið á sig til að sigrar og er öllu tjaldað til eins og myndirnar sýna.

Léttklædd leikona *Brasilíska leikkonan Juliana Paez var drottningin fyrir hönd Unidos do Viradouro sambaskólans í ár.*

stu viku

UM RÍÓ

Ein sú heitasta *Fabia Borges, drottning trommanna frá Unidos da Tijuca sambaskólunum er glæsileg.*

Fjöðrum prýdd *Viviane Araujo, drottningin frá Mocidade Independente sambaskólanum í fullum skróða.*

Syngur og dansar *Valeria Valenssa frá Uniao da Ilha sambaskólanum syngur af innlifun með líkamsmálingu.*



Knattspyrnukappinn Jóhannes Karl Guðjónsson

GIFTIR SIG Á SKAGANUM Í SUMAR



Jóhannes Karl Guðjónsson Ætlar að gifta sig á Akranesi í sumar.

Heitur Jóhannes fær rautt spjald í leik með West Ham, hann er heitur leikmaður.



Heimilislegt brúðkaup!

Bræðurnir Bjarni og Þórður eru nú báðir komnir upp á Skaga, þar verður Jóhannes eftir fimm ár.

Kirkjan Hér mun brúðkaupið fara fram sem verður heimilislegt að sögn Jóhannesar.

Við ætlum að gifta okkur þann 10. júní, uppi á Skaga að sjálfsgöðu," segir Jóhannes Karl Guðjónsson sem það unnustu sinnar Jónfríðar Maríu Guðlaugsdóttur þarsíðasta sumar. „Við ætluðum að gera þetta síðasta sumar en við áttum strák í mars og ákváðum því að biða með þetta," segir Jóhannes sem leikur með Leicester í fyrstu deildinni á Englandi. „Það verður að sjálfsgöðu öllum vinum og ættingjum boðið, þetta verður hörkufjör.“

Jóhannes efast þó um að það verði farið í fótbolta í veislunni. Er konan að skipuleggja þetta allt saman? „Já, já, þetta er allt að verða klárt, við erum með prest frá Akranesi þannig að þetta er allt voðalega heimilislegt," segir Jóhannes og hlær.

Jóhannes Karl skoraði eitt fal-

legasta mark tímabilsins í leik gegn Hull á dögunum. „Þetta var helvítigott mark, ég náði að setja hann yfir markmanninn. Þetta er allavega mitt flottasta mark, sem er mjög gaman.“

Bræður Jóhannesar, þeir Þórður og Bjarni, eru núna komnir upp á Skaga eftir langa dvöl í atvinnumennsku. „Það er svakalega gaman að þeir skuli vera komnir heim og ég hef trú á því að það færi okkur mikla lukku og vonandi verður titillinn kominn þangað sem hann á heima sem fyrst.“

Jóhannes ætlar að færa sig yfir til Hollands á næsta tímabili og leika með Az Aalkmar skammt frá Amsterdam. „Okkur list mjög vel á það enda höfum við verið áður í Hollandi og ég kann tungumálið og svona. Mér finnst Hollendingar mjög skemmtilegir.“ En er ekkert von á Jóhannesi upp á Skaga á næstunni? „Ég enda minn feril þar, ætli það verði ekki eftir svona fimm ár," segir Jóhannes að lokum og hlær.



Vösk og vakandi

„Keppnisgolf er mjög krefjandi, þess vegna nota ég Rautt Eðal Ginseng. Þannig kemst ég í andlegt jafnvægi, skerpi athyglina og eyk úthaldið.“

*Ragnildur Sigurðardóttir
Margfaldur Íslandsmeistari
og stigameistari í golfi*

RAUTT EÐAL GINSENG



- þegar reynir á athygli og þol

Heiðar Jónsson kynnir snyrtivörur og bíður eftir

ÞAÐ ÞÝÐIR EKKERT ÆVINTÝRAKALL Á

Ég er á leiðinni til Liverpool en fer svo til Manchester og hef það náðugt á meðan fólkíð fer á boltann. Ég hef aldrei farið á bolta og ætla ekki að byrja á því á gamalsaldri," segir Heiðar Jónsson snyrtir sem var að keyra með Gufuna alveg í botni. Heiðar starfar sem flugfreyja hjá fyrirtækinu Jetex en þess á milli kynnir hann snyrtivörur, en fáir þekkja jafn vel inn á þann bransa og Heiðar. „Ég er að kynna Chanel, Guerlain og Marbert fyrir umboðsaðila. Ég er mikið í Fríhöfninni og svo í glæsilegustu snyrtivöruverzlunum landsins," segir Heiðar, sem sló óvænt í gegn í þáttunum Allt í drasli á Skjá einum.

Afskaplega skítfælinn

„Svo er ég bara að bíða eftir því hvort Skjár einn vill halda áfram að taka til. Það er það sem ég hef mikinn áhuga á en það er ekkert komið á hreint ennþá. Við Margrét skemmtum

okkur alveg rosalega vel saman," segir Heiðar og bætir við að það þurfi að taka til hendinni í þriðja hverju húsi ef kíkt er undir rúmin. „Hreinlætislega séð er ég mjög góður vegna þess að mér er mjög illa við skít, en það getur oft safnast hjá mér óreiða," segir Heiðar, sem hefur alla tíð verið óskaplega skítfælinn. „Ég er allinn upp við svakalega mikið hreinlæti og snyrtimennsku. Það er eiginlega bara svona lífsstíll að hafa hreint í kringum mann."

Þættirnir Allt í drasli voru gríðarlega vinsælir og hafði Heiðar mjög gaman af upptökuferlinu. „Við vorum með skemmtilegt lið með okkur, unga stráka sem höfðu gaman af því að hanga með gamla settinu. Við vorum að setja allskonar hraðamet á tókum og þurftum lítið að taka upp aftur, enda erum við Margrét svo góðir leikarar," segir Heiðar og hlær.

Ekki sköllótt flugfreyja endalaust

Heiðar segist hafa mikinn áhuga á fjölmiðlum, bæði útvarpi og sjónvarpi. „Maður verður ekki sköllótt flugfreyja endalaust, þetta verður einhvers staðar að enda," segir Heiðar sem hefur verið að kenna nýjum flugfreyjum hjá Jetex. „Maður er mikið á bakvakt og þarf að vera fljótur þegar kallið kemur."

En er Heiðar á lausu? „Já, já, það þýðir ekkert að vera svona ævintýrakall á föstu. Ég var giftur í

þrjátíu ár og ég held að það sé aldrei hægt að finna einhvern sem kemur í hennar stað. Ég býð ekki fólki upp þann samburð," segir Heiðar að lokum og heldur áfram að hlusta á Gufuna í umferðinni í Reykjavík.

Sjónvarpsmaður Heiðar hefur áhuga á fjölmiðlum og vill komast aftur á skjáinn.



Allt í drasli Heiðar og Margrét slógu í gegn í þáttunum.

„Maður verður ekki sköllótt flugfreyja endalaust, þetta verður einhvers staðar að enda."

er að komast aftur á skjáinn

T AÐ VERA FÖSTU

STJÖRNU-
FRÉTTIR



Með drottningunni
Heiðar og Unnur
Birna Vilhjálmstöttir,
ungfrú heimur.

Kynnir snyrtivörur
Heiðar er mikið að
kynna snyrtivörur
þessa dagana.

PORCELANOSA

FLÍSAM FÜRIR VANDLÁTA

 **ALFABORG**
Skútuvegí 6 • Sími 568 6755



EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF HEILSUDÝNUM

FERMINGARTILBOÐ

Comfort Latex

First Class

ISLENSK
Zsleep
FRAMLEIÐSLA

NEVER TURN
Svæðaskipt heilsudýna



Verzlunin Rúm gott · Smíðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opíð virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is

ALVÖRU FÓLK

Helga Björg Jónasdóttir er með kertagerðina Vaxandi

Banani Helga einbeitir sér að mjög óhefðbundnum kertum.

Ávextir Helga segir fólk til í að borga meira fyrir vandaðri kerti.

BÝR TIL

Helga Björg Jónasdóttir Rekur kertagerðina Vaxandi.

ÓHEFÐBUNDIN

KERTI

ALVÖRU
FÓLK

Þetta var nú eiginlega bara svona skyndihugmynd og ég fór til Bretlands í einkakennslu á verkstæði hjá meistara," segir Helga Björg Jónasdóttir, myndlistarmaður og kennari, sem rekur kertagerðina Vaxandi. „Maður verður bara að ákveða hlutina sjálfur og finna leiðir til að framkvæma þá. Ég fann út að þetta var hægt svo ég kýldi bara á það," segir Helga, sem hefur einnig verið að kenna kertagerð. Helga var bæði í London og í Suður-Wales að læra en hún einbeitir sér að mjög óhefðbundnum kertum. „Ég hef alltaf verið mikið gefin fyrir kerti. Þetta er náttúrulega lífandi ljós og mjög táknrænt. Ef ég fæ hugmyndir framkvæmi ég þær, þetta er allt saman undir manni sjálfum komið," segir Helga, sem einnig hefur verið að hanna ýmsa listmuni úr vaxi.


En finnst henni ekkert sorg-

legt að sjá listaverk sem hún hefur lagt mikla vinnu í brenna á örskotsstundu? „Nei, nei, ég meina, maður býr til góðan mat sem er svo borðaður á smá tíma, þú getur horft á þetta þannig.“

Helga stofnaði Vaxandi árið 2000 en hún er 38 ára og á þrjú börn. „Ég fór í nám sem heitir FrumkvöðlaAUÐUR á vegum Auðar í krafti kvenna, eiginlega gagngert til að læra um rekstur og þess háttar í kringum fyrirtækið," segir Helga, en mikil handavinna er á bakvið eitt kerti að hennar sögn.


„Ég fæ mikið sama fólkið sem kemur aftur og aftur. Þegar fólk hefur kynnst muninum á gæðakertum og lakari er það frekar til í að kaupa aðeins dýrari og vandaðri kerti. Það er mikill munur á því sem er handgert og því sem er verksmiðjugert," segir Helga, sem hefur í nógu að snúast þessa dagana.

„Þegar fólk hefur kynnst muninum á gæðakertum og lakari er það frekar til í að kaupa aðeins dýrari og vandaðri kerti.“




Vinsæl Briet Sunna nýtur mikilla vinsælda meðal ungu kynslóðarinnar og var upptekin við að gefa eiginhandarritanir í Smáralind.

Poppstjörnur!



Spenntur Eiríkur Hafdal var spenntur áður en hann steig á sviði í Smáralind og systir hans var mætt til að styðja við bakið á honum.




Nú þegar líða fer að lokum Idol - Stjörnuleitar er spennan nær óbærileg. Á föstudag varð allt vitlaust í Smáralindinni enda krakkarnir allir í fantaformi. Ína þótti standa sig afburðavel og var stemningin ótrúleg þegar popp-


stjarnan hafði lokið flutningi sínum. Að lokum var það Nana sem varð frá að hverfa en það var ekki með fylusvip sem stjarnan kvaddi enda leysti Bubbi hana út með þeim orðum að þar færi fullsköpuð poppstjarna. Ekki leiðinlegt hrós það.

Spennan magnast í Idol - Stjörnuleit og mátti heyra saumnál detta þegar úrskurður þjóðarinnar var kunngjörður á föstudag:


HÖFÐU VARLA UNÐAN VIÐ AÐ




Flottar Briet Sunna og Guðrún Lára voru flottar á því.



Flott á Idolinu Svava í 17 og Svavar Örn voru mætt til að fylgjast með Idol - Stjörnuleit.



Halda með Alexander Fjölskylda Alexanders var mætt í Smáralindina og fór ekki á milli mála með hverjum hún hélt.



Sætar Þessar myndarlegu konur héldu með Ínu í Idolinu og voru með flottar derhúfur henni til stuðnings.



Hafði varla undan Popp-
stjarna Íslands, Ingó, var vin-
sæl hjá krökkunum og gaf eig-
inhandaráritanir í gríð og erg.

GEFA EIGINHANDARÁRITANIR



Studdu sinn mann Fjölskylda Snorra
var mætt til að styðja við bakið á sínum
manni og voru þau öll vel merkt.



Heit í Idolinu Ingólfur
og Bríet Sunna voru
heit saman í Smáralind.

**Frábærir
söngvarar!**



Styðja Ragnheiði Fjölskylda
og vinir Ragnheiðar Söru voru
mætt í Smáralindina til að
fylgjast með sinni stelpu.

Árshátíð 365 ljósvaka- og prentmiðla verður haldin um helgina:

Matseðillinn á árshátíð 365 miðla

Forréttur

Humartvenna
Djúpsteiktur humar að austurlenskum hætti og grillaður humarhali, borið fram með frisse-salati og mildri chili- og sesam-dressingu.

Aðalréttur

Léttsteikt nautalund „Chateaubriant“ með fylltu kartöflurösti, **gufusteiktum** aspas og fínt skornu grænmeti í ferskum kryddjurtum.

Eftirréttur

„Eftirlæti 365“
Franskur súkkulaðiturn með ensku iskremi og skógarberja-sósu

Árshátíð 365 miðla verður haldin með pomp og pragt næstkomandi laugardagskvöld. Má búast við þrúðbúnu fólki úr fjölmíðlaheiminum og gera menn ráð fyrir að helstu stórlöxunum úr útvarpinu muni einnig bregða fyrir. Árshátíðin er haldin í Sýningarhöllinni í Laugardal og munu Bogomil Font og Milljónamæringarnir leika fyrir dansi. Eðalmatseðill er á árshátíðinni eins og sjá má hér á síðunni en Logi Bergmann Eiðsson verður veislustjóri á árshátíðinni.

Útvarpsfolar Peir Heiðar Austmann og Ásgeir Kolbeinsson mæta einir á árshátíðina því unnusta Heiðars verður fjari góðu gamni.

Gullparið Fréttaparið Róbert Marshall og Brynhildur Ólafsdóttir mæta að sjálfsögðu á árshátíðina.

Mætir með dularfullan fylgdarsvein Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir mætir með gest á árshátíðina en ekki er vítað hver sá heppni er.

FJÖLMÍÐLASTJÖRNU

365

**Sjónvarps-
stjórnur!**

Sjónvarpsgyðjan mætir með eiginmanninn Sjónvarpsgyðjan Inga Lind mætir á árshátíðina með eiginmanni sínum Árna Haukssyni.

Flottur Logi Bergmann Eiðsson verður veislustjóri á árshátíð 365 miðla.

ÞAU MÆTA LÍKA:

Ívar Guðmundson útvarpsmaður
Bryndís Hólm
Heimir Már Pétursson
Kristinn Hrafnsson
Óli Tynes
Sigmundur Ernir
Ari Edwald

**Mætir sóló Frosti Loga-
son** dagskrárstjóri mætir einn á árshátíðina en Ágústa Eva er um þessar mundir stödd í Japan með vinkonu sinni Silvíu Nótt.

Sæt Svanhildur Hólm mætir að sjálfsgöngu og fylgist með Loga sínum.

ARNAR GERA UPP ÁRIÐ

Jakob Frímann segir okkur sögu frá Stuðmönnum



Jakob Frímann Segir okkur skemmtilegar sögur frá Húnaveri.

Það er margt sem gerist í bransanum. Íslendingar hafa alltaf verið duglegir að skemmta sér. Þeir sem skemmta fólkinu kunna ógrynni af skemmtilegum sögum, svokölluðum bransasögum. Að þessu sinni segir Jakob Frímann Magnússon okkur skemmtilegar sögur af Stuðmönnum.

Ef það eru einhverjir sem kunna á bransann eru það Stuðmenn. Óskasynir þjóðarinnar hafa í gegnum tíðina fengið marga til að brosa með hárbeyttum húmor sínum. Árið 1991 héldu Stuðmenn mikla Húnavershátíð. „Þetta var síðasta Húnavershátíðin og það var mikil ölvun og gestir dóu áfengisdauða víða á hátíðarsvæðinu, einkum aðfaranótt sunnudagsins sem var síðasti dagur hátíðarinnar,“ segir Jakob en Húnavershátíðirnar þóttu mikil skemmtun og voru þjóðsagna-kenndar í á þessum árum.

Vaknaði grænn með rör í rassinum

„Er við komum á svæðið á sunnudagsmorgninum til að hefja dagskrá á ný, lágu enn nokkrir gestir sofandi úti um grænar grundir,“ segir Jakob og hefur greinilega gaman af því að rifja upp þennan tíma. „Einn vakti þó sérstaka athygli okkar. Það var ungur offitusjúklingur, svona 150 kílóa maður, sennilega um tvítugt. Hann skar sig úr hópnunum að því leyti að einhverjir þakkarar höfðu nýtt sér meðvitundarleysi hans, klætt hann úr öllum fötunum, mál- að hann grænan frá toppi til táar og stungið röri upp í rassinn á honum,“ rifjar Jakob upp, en þessi offitusjúklingur er þekktur maður í viðskiptalífnum í dag.

Vaknaði við vondan draum

„Ég frétti síðar að þessi maður væri í dag einn af okkar bestu sonum. Hann mun hafa vaknað upp við vondan draum þarna á grasflötinni og strengt þess heit að láta sér þetta að kenningu verða. Hann gerðist bindindis- og heilsuræktarmaður sem í dag hefur náð bæði kjörþyngd og aðáunarverðum árangri í viðskiptum. Fátt er svo með öllu illt... eða þannig.

 BRANSASAGA

KRAKKARNIR HÖFÐU KLÆTT HANN ÚR FÖTUNUM OG MÁLAÐ HANN ALLAN GRÆNAN

Flottir gallar Stuðmenn eru frægir fyrir að vera frumlegir í búningavali.



Alveg ofboðslega frægir Hljómsveitin Stuðmenn hefur verið ein allra vinsælasta hjómsveit Íslands í yfir 20 ár.



Alltaf í stuði Það hafa eflaust flestir á Íslandi skellt sér á útihátíð og þessi er greinilega í miklu stuði.

„Það var ungur offitusjúklingur, svona 150 kílóa maður, sennilega um tvítugt.“

Stórsöngvarann Geir Ólafsson þekkjá flestir veg og sjarmerandi sviðsframkomu. Við fengum að k

UMVAFINN AÐ



Toppurinn að vera í teinóttu „Þennan nota ég mest á mafiúfundunum,“ segir Geir og skellihlær. „Nei, svona í alvöru talað, ég fékk þennan í Dressmann og nota hann mikið.“



Mjög kynþokkafullur „Ég fíla jakkafötin í Jack and Jones mjög vel. Flott snið og svona, passa mér vel þar sem ég er svo kynþokkafullur.“



Litlu aðdáendurnir mikilvægastir „Það mikilvægasta sem ég hef fengið út úr því að skemmta fólki og vera í sviðsljósinu er litla fólkið og þegar það forvitnast um það sem ég geri. Það er æðislegt.“



Á marga aðdáendur „Ég get alls ekki neitað yngstu aðdáendunum.“

Ég er alltaf flottur!

Gucci-gleraugun „Ég er alltaf flottur,“ segir Geir og pósar með sólgleraugu frá Gucci sem hann fékk að gjöf eitt sinn þegar hann var að skemmta í London.

na ótvíræðra sönghæfileika hans
íkja í fataskápinn hans Geira.

DAENDUM

Ég versla mikið í Jack and Jones, sniðin þar henta mér mjög vel þar sem ég er, eins og flestir vita, afar kynþokkafullur," segir stór-söngvarinn Geir Ólafsson, en hann er sérstaklega þekktur fyrir smekklegan klæðaburð á sviði.

„Ég kaup þessa sigildu smókinga, sem eru mitt aðalsmerki, aðallega í Sævari Kari, það er auðvitað toppurinn," segir Geir hress í bragði. Hann hefur einmitt vakið mikla athygli undanfarið fyrir

vasklega framgöngu í sjónvarpsþáttunum Kallarnir þar sem hann gefur faglega ráðgjöf varðandi rómantík og kynlíf. Geiri þykir hafa mikla sérþekkingu á því sviði enda fáar konurnar sem standast stímaþykkt Iceblue eins og hann kallar sig þegar hann kemur fram á erlendri grundu. Á meðan á myndatöku stóð þyrptust krakkarnir að Geira og vildu endilega fá hann til að syngja fyrir sig afmælis-sönginn sem hann og gerði af mikilli auðmykt.

H&N-mynd: E.Ó

Texti: Brynja Björk Garðarsdóttir


Iceblue!

Töfari „Þessa nota ég meira svona hversdags en ekki endilega þegar ég er að skemmta.“



New York, New York, syngur hann „Þetta er nýjasti smókingurinn minn, ég á átta stykki en þessi er sá sem ég notaði í undankeppni Eurovision.“

Alvöru „Það kemur fyrir að ég stíg á svið í þessu en mér finnst betra að vera í sigildri hvítri skyrtu og smóking. Þetta er meira svona töff á einhvern event.“



Leikstjörinn Baltasar Kormákur var ánægður með útkomuna.



Mögnuð sýning!

Flottar Rakel Garðarsdóttir, kærasta Björns Hlyns Haraldssonar sem fer með eitt af aðalhlutverkum sýningarinnar, ásamt Unni Ósp Stefánsdóttur leikkonu.

STJÖRNURNAR BRO



Gleði Helga Birgisdóttir, arkitektinn að nýja sviðinu, og Egill Ólafsson brostu.



Leikhúskona Edda Heiðrún Backman mætti á frumsýninguna.



Vinirnir Sigurður Kári Kristjánsson og Ólafur Teitur Guðnason.

Pétur Gautur frumsýndur í Kassanum



Leikhúsfólk Lovísa Ósk Gunnarsdóttir, Ólafur Darri Ólafsson, Nína Dögg Filippusdóttir og Nanna Kristín Magnúsdóttir.

Fáar sýningar hafa fengið jafnmikið lof og Pétur Gautur í leikstjórn Baltasars Kormáks. Sýningin var frumsýnd í Kassanum um síðustu helgi og mættu helstu stjórnur íslensks leikhúslífs á sýninguna. Leikhúsgestir og gagnrýnendur eru á einu máli um að sýningin hafi heppnast vel enda ekki við öðru að búast. Helstu stjórnur leikhússins fara með hlutverk í sýningunni og má þar meðal annarra nefna Björn Hlyn Haraldsson, Ingvar E. Sigurðsson og fleiri. Bankastjórinn Björgólfur Guðmundsson var að sjálfsgöðu mættur til að sjá afraksturinn og virtist skemmta sér vel. Til hamingju Balti!

OSTU ALLAN HRINGINN



Stóru karlarnir Björgólfur Guðmundsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Jón Ásgeir Jóhannesson og Þóra Hallgrímsson.



Glæsilegar Kristjana Samper, Ingveldur G. Ólafsdóttir, Kristbjörg Kjeld og Mireia Samper.



Brosmynd Baltasar Kormákur og Lilja Pálmadóttir brostu út að eyrum.



Stjórnarnir Bankastjórinn og leikhússtjórinn, Björgólfur Guðmundsson og Tinna Gunnlaugsdóttir.



Töffarar Ólafur Egill Egilsson, Stefán Jónsson og Ingvar E. Sigurðsson.

Texti: Breki Logason H&N-mynd Daniel



Sáttar Hulda og Eva María brostu sínu breiðasta.



Flottar!

Glæsilegar Ingibjörg Elín og Fjóla Karen eru flottar stelpur

FALLEGUSTU FLJÓÐ



Smekkleg Jóna Kristín vakti mikla athygli á Broadway.



Tælandi Soffía Rún var tælandi á sviðinu.



Einbeittar Stefania og Hulda Björk voru flottar.



Stelpurnar í Ungfrú Reykjavík á Broadway



Gaman Helga Dyrfinna kom fram í fjölda dressa þetta kvöldið.



Glæsileg Hulda var glæsileg þetta kvöldið.



Helga Dyrfinna Er að taka þátt í Ungfrú Reykjavík í annað skiptið og tók sig vel út í hvítu bikini.

HÖFUÐBORGARINNAR



Harpa Björk Einarsdóttir Tók sig vel út á sviðinu á Broadway.



Nóg að gera Harpa Björk hjálpaði einni með kjólinn.

Flass 104,5 hélt Ball ársins á Broadway um síðustu helgi. Þar komu stelpurnar sem taka þátt í Ungfrú Reykjavík fram á tiskusýningu í boði Next og skór.is. Þær komu meðal annars fram á sundfötum við mikinn fögnuð viðstaddra. Einnig var nóg um skemmtiatriði þetta kvöldið og stigu Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvaldsson meðal annars á stökk. Einnig léku strákarnir í Skítamóral á alls oddi og Páll Óskar tók lagið.



Flott stelpa Ásdís Svava var ekki í vandræðum með að pósa.

Rokkararnir í Wig Wam komu til Íslands síðasta sumar en snéru aftur á laugardaginn til að gera allt vitlaust:

Það var rafmögnuð stemming á skemmtistaðnum NASA við Austurvöll síðastliðið laugardagskvöld en þá stígu á svið norsku hetjurnar í hljómsveitinni Wig Wam. Tryllt stemming ríkti fram eftir nóttu og má segja að þakið hafi nær fokið af kofanum þegar Eurovision-fararnir frægu tóku vinsælasta lag sitt, keppnislagið.

Rokk og ról!

Alvörurokkari
Söngvarinn í Wig Wam tók vel á því á sviðinu.

SNÉRU AFTUR OG SPRENGDU ÞAKIÐ AF NASA



Hress Þau Björn, Davíð, Eyri, Óli og Gústi voru eldhress á NASA.



Fíla Norsarana Matta, Hrefna, Saga og Höskuldur voru alveg að fíla Norsarana í Wig Wam.



Með öllarann góða Davíð og Gíslí voru góðir með ölið í annarri.



Slammað Rokkararnir í Wig Wam slömmuðu í takt við glystrokkið.



Aðdáandi númer eitt Vilhelm var hress á NASA enda aðdáandi númer eitt.

Karin Herzog



Katrín Lilly Magnúsdóttir,
verslunareigandi

Ég hef notað Karin Herzog vörurnar í langan tíma og þá aðallega andlitskremin. Á síðasta ári eignaðist ég barn og til að forðast húðslit notaði ég Silhouette- og TonusB12 líkamskremin, bæði á meðgöngunni og eftir að barnið fæddist. **Húðin var mjög fljót að jafna sig eftir fæðinguna og ekkert slit sjáanlegt.**

Þetta vill ég þakka Karin Herzog.



**Karin Herzog snyrtivörur
koma súrefni og næringar-
efnum djúpt niður í húðina.**

Það gerir virkni
þeirra einstaka.

Karin Herzog er með einkaleyfi á snyrtivörum sem innihalda súrefni

the **JetRest**[®]
www.thejetrest.com



**Ferðalag út
af fyrir sig!**

JetRest lúxus ferðapúði, margverðlaunaður ferðafélagi

Útsöluaðir m.a.:

- Fríhöfn Flugstöð Leifs Eiríkssonar
- Ellingsen Grand agarði • Nýja Skátabúðin Faxafeni 8
- 66°Norður Sjóklæðagerðin Faxafeni 12 og Miðhrauni 11
- Remedía Verslun Suðurl.br. 52 • SmáraSkóari Smáralind



Sturlaugur Jónsson & Co ehf.

- Fiskislóð 26
- Sími: 551 4680
- www.sturlaugur.is

LÍFSSTÍLL

Kjartan Arnald Hlööversson spilar á gítar og syngur fyrir gesti öldurhúsa nær öll kvöld vikunnar, þess á milli vinnur hann að eigin tónlist.



Spilar og spilar
Kjartan Arnald Hlööversson spilar fyrir gesti öldurhúsa nær öll kvöld vikunnar.

TRÚBADOR AÐ ATVINNU

„Ég spila eiginlega öll kvöld, nema kannski mánudaga og þriðjudaga,“ segir Kjartan Arnald Hlööversson trúbador.

„Ég er að spila á Ara í Ögri og Celtic Cross um helgar, svo spila ég á

Pravda og A. Hansen í Hafnarfirði og fleiri stöðum eftir atvikum. Það er alltaf nóg að gera.“

Kjartan hefur það að atvinnu að spila á gítar sinn og syngja fyrir gesti þessara staða og fleiri og segist ekkert verða leiður á því. Hann segir tónlistina vera stóran hluti af lífi sínu.

Vinnur að eigin tónlist

„Svo er fólk að panta mig á afmæli og árshátíðir og svoleiðis. Suma daga annar maður vart eftirsipurn. Ég get hiklaust sagt að þetta sé aðalstarfið mitt,“ segir Kjartan. „Ég er alls ekki sá eini sem hefur þetta að aðalstarfi. Ég veit um annan sem hefur þetta að lífbrauði. Hann

spilar á Dubliners og Celtic.“

Á daginn hefur Kjartan svo í nógu að snúast. „Á daginn vinn ég í minni eigin tónlist, svo er ég með fyrirtæki sem heitir Stúdíó-kjallarinn, við erum þessa dagana að vinna í að taka upp tónlistarmyndbönd fyrir hljómsveitina Fönn sem er sveitaballa-hljómsveit sem er að hasla sér völl þessa dagana.“

Missti félagann í leikhúsið

Kjartan hefur gert garðinn frægan á Ara í Ögri með félagi sínum Jóhannesi Hauki Jóhannessyni en saman skipa þeir dúettinn Accustica. „Nú er Jói á Akureyri að leika með Leikfélagi Akureyrar þannig að núna er ég í

dúettinum Mike og Jack með strák sem heitir Einar og spilar hann með mér á Ara í Ögri. Jói dettur samt í bænn einstaka sinnum og þá reynum við að spila saman. Við gerðum það síðast á gamlárskvöld.“


Skrimtir og vel það

Kjartan segist hafa ágætis peninga upp úr spileríinu en segist seint verða ríkur á þessu. „Maður skrimtir og vel það á þessu. Allavega get ég brauðfætt fjölskylduna,“ segir Kjartan en hann býr með unnustu sinni Eygló Sigurðardóttur sem er í námi og saman eiga þau dótturina Sveinbjörgu Júlíu sem er rúmlega eins árs.

Jóhannes Haukur Jóhannesson Er með Kjartani í dúettinum Accustica en býr nú fyrir norðan þar sem hann leikur með Leikfélagi Akureyrar.

ÞAÐ HEFUR ALDREI VEIÐ

Hafdís Ósk Haraldsdóttir er 18 ára en hefur upplifað meira en flestir á hennar aldri. Hafdís berst við djöfla sem aðrir þekkja aðeins af afspurn. Hafdís féllst á að segja Hér & nú sögu sína.



„Ég skar mig mikið þegar ég var yngri. Næstum daglega í ár. Ég bara fæ einhverja svona tilfinningu og manni líður aðeins betur. Svona dóði.“

Hafdís Ósk Haraldsdóttir Hefur gengið í gegnum erfiða reynslu.

RIÐ PLÁSS FYRIR MIG

Goth snýst ekkert um fót eða hárgreiðslu. Þetta er lífsstíll og eiginlega trúarbrögð. Þetta er ekkert bara húðflúr og metall,“ segir Hafdís Ósk Haraldsdóttir þegar blaðamaður spyr hana hvort hún sé gothari. Hafdís er 18 ára og er fædd og uppalin á sjómannsheimili í Grindavík.

Skar sig til að líða betur

Ég er alveg „clean“ núna en ég var í mikilli neyslu á tímabili. Lífið hefur gengið upp og niður en ég bara ákvað að hætta allri neyslu,“ segir Hafdís Ósk og bætir við að neyslan hafi orsakast af þunglyndi. Hafdís varð fyrir afar erfiðri lífsreynslu á unglingsárum sem olli þunglyndinu hjá henni.

„Ég var lögð inn á BUGL þegar ég var 16 ára vegna þess að ég gat ekkert lært vegna þunglyndis og var þar eitt sumar, ég virðist stundum detta í alveg svakalegt þunglyndi en ég er á lyfjum núna og þau virðast

hjálp mér.“

Hafdís átti lengi við lystarstól að stríða og hún telur að þau veikindi hafi verið bein afleiðing þunglyndisins.

„Í áttunda bekk fór ég bara að borða minna og minna. Var alltaf í viðum fötum svo enginn tæki eftir því hversu horuð ég var orðin. För hvorki í leikfimi né sund og leið illa. Ég held að ég hafi bara verið svo þunglynd og vissi ekki hvað ég átti að gera,“ rifjar hún upp og bætir við að henni sé þó batnað í dag. Lystarstolið var þó ekki eini fylgiferkur þunglyndis Hafðisar því á tímabili notaði hún sjálfsmeiðingar til að reyna að hjálpa sjálfri sér.

„Ég skar mig mikið þegar ég var yngri. Næstum daglega í ár. Ég bara fæ einhverja svona tilfinningu og manni líður aðeins betur. Svona doði.“

Skrifar ljóð og texta

„Ég sem mikið texta til að hjálpa mér. Ég tjái mig líka mikið í gegnum ljóð og mér finnst gott

að skrifa niður hvernig mér líður. Skrifa niður tilfinningar mínar og þá kemur oft eitthvað nothæft út,“ segir Hafdís Ósk og bætir við að hún eigi nokkrar bækur með slíkum skrifum.

Eins og áður sagði er Hafdís úr Grindavík og býr þar nú ásamt foreldrum sínum og þremur systkinum.

„Ég bý heima núna og deili herbergi með systur minni þar sem það er ekki pláss fyrir mig á heimilinu. Það hefur reyndar aldrei verið,“ segir Hafdís og vonleysið skín úr augum hennar. Hún segist þó eiga góða að.

„Ég á fáa en góða vini sem standa með mér.“

Draumurinn um dýralækninn

„Við kærastinn minn erum nýhætt saman en við vorum saman í eitt og hálf ár. Það er bara gaman að vera á lausu þó að ég sakni hans auðvitað stundum. Hann var náttúrulega 24 ára og ég bara 16 þannig að

þetta var dálítið þungt,“ segir Hafdís og bætir við að henni finnst strákar með tattú flottir.

„Mér finnst líka ógeðslega töff þegar strákar mála sig. Svona eins og Krummi í Mínus. Hann er rosalega „hot“,“ segir hún og brosir. Hafdís er ekki að vinna í augnablikinu en segist vera að leita.

„Mig langar að vinna í plötubúð, ég held að ég gæti verið góð í því. Ég er bara dálítið hrædd við að sækja um. Ég vil ekki fá nei.“

Hafdís segist ekki vera með stórar áætlanir fyrir framtíðina.

„Mig langaði mikið til að verða dýralæknir þegar ég var lítil stelpa. Það rann út í sandinn þegar ég komst að því að ég er með ofnæmi fyrir flestum dýrategundum,“ segir hún döpur í bragði.

„Núna stefni ég bara að því að komast aftur í bæinn,“ segir hún að lokum áður en hún heldur út í myrkríð á Reykjanesskaganum.

Ég samanstend af engu, á engu ég stend
Rakvélarblaðið er systir mín og ég græt
Tárin renna fyrir vanlíðan hans
elsku bróður míns
Blóðið rennur ávallt og minn faðir er sársaukinn.

Hafdís Ósk


Hafdís „Ég tjái mig líka mikið í gegnum ljóð og mér finnst gott að skrifa niður hvernig mér líður.“



Umkomulaus

Hafdís er ekki bjartsýn á framtíðina.

Texti: Brynja Björk Garðarsdóttir H&N myndir: E.ÓL



Á góða að Hafdís á fáa en góða vini sem styðja við bakið á henni.

Henning Þór Hauksson hefur unnið í dyrunum í nær áratug

ÉG ER SÁLFRÆÐINGUR

Ég byrjaði að vinna við þetta þegar ég var 16 ára á skemmtistaðnum Broadway, það var dýrmæt reynsla,“ segir Henning Þór Hauksson yfirdyravörður á Hverfisbarnum. Henning er 24 ára og hefur unnið við dyravörslu í ein átta ár.

Var fyrst spenntur fyrir stelpunum

„Góður dyravörður þarf fyrst og fremst að vera skýr í kollinum. Það skiptir meginmáli enda er maður stundum að taka sálfræðina á þetta lið. Maður er eins konar sálfræðingur götunnar,“ segir Henning Þór og bætir við að hann ráði aðeins vandaða menn til starfa á Hverfisbarnum. Ýmislegt geti gerst og þá þýði ekki að hafa einhverja kjána í dyrunum.

„Auðvitað lendir maður stundum í vitleysingum og þarf að tuska þá til en ég hef aldrei lent í vandræðum sjálfur með að ráða við þá,“ segir hann og glottir. En ætli stelpurnar reyni ekki við dyravörðina?

„Fyrst þegar maður var að byrja í þessu var maður spenntur fyrir stelpunum en það hefur aðeins minnkað þegar maður vinnur við þetta svona lengi,“ segir Henning og rifjar upp gamla tíma á Felix forðum daga. Stundum er sagt að stúlkur geri ýmislegt til þess að komast fram fyrir biðröðina á skemmtistöðum borgarinnar en Henning segist ekki mundu taka slíkan greiða í mál.

„Ég hef ekki ennþá lent í þessu fræga atviki þar sem stelpur bjóðast til að gera manni greiða til að komast inn en maður hefur alveg heyrt um það,“ segir Henning og hlær dátt.

„Ég mundi ekki taka það í mál samt, held ég. Ég kæri mig ekkert um að fá að ríða út á þetta. Það er lítið eftirsóknarvert.“

Varð stundum skelkaður á skólaböllum

Slagsmál og ryskingar virðast óhjákvæmilega fylgja skemmtistöðum þar sem fólk fær sér stundum vel neðan í því.

„Maður lenti í alvarlegum ryskingum á Broadway í gamla daga, á skólaböllum varð maður stundum dálítið skelkaður,“ segir Henning Þór og rifjar meðal annars upp hnífstungu fyrir utan skemmtistaðinn. Þó segist hann oft hafa orðið vitni að alvarlegum slagsmálum á skemmtistaðnum Ópus við Hafnarstræti.

„Á Ópus virðist vera frekar mikið um slagsmál, þessum hermönnum af Vellinum virðist koma illa saman við Íslendingana og þeir hafa gaman af því að reita dátana til reiði,“ segir Henning. Hann notar ýmsar aðferðir til þess að stilla til friðar.

„Maður reynir bara að tala fólk til og svo ef það gengur ekki eru lögreglubrógðin tekin á þetta,“ segir Henning Þór. Hann segir þó aðrar reglur gilda þegar fólk gripi til vopna eins og vill stundum verða.

„Það er alltaf frekar ógnvekjandi þegar fólk dregur upp vopn.“

Kurteisar stjórnur komast inn

„Það er hægt að fara á dyravörðanámskeið á vegum lögreglunnar og ég ræð öllum þeim sem ætla sér að starfa við þetta að sækja slík námskeið,“ segir Henning alvarlegur og segir að á slíkum námskeiðum sé til dæmis k e n n d skyndihjálpar og bruna- varnir.



Hverfisbarinn Henning segir skemmtilegt að vinna þar sem yfirdyravörður.

„Svo eru auðvitað alltaf þessir frægu sem ætla sér að komast fram fyrir röðina út á nafnið sitt. Ef þau eru kurteis getur maður alveg slystast til að hleypa þeim inn.“

„Ég hef til dæmis lent í því að þurfa að taka tunguna upp úr kokinu á dauðri stelpu.“

Henning er alls ekki orðinn leiður á starfinu sínu og segir það skemmtilegt.

„Ég er náttúrulega búinn að vinna við þetta allt of lengi og þetta er auðvitað slitandi starf helgi eftir helgi en ég ætla mér að vinna við þetta þangað til ég nenni því ekki lengur,“ segir Henning sem er á

leið til Danmerkur í sérseitar-skóla.

Henning segir röðina á Hverfisbarnum oft verða ansi langa og þá reyni fólk ýmislegt til þess að komast fram fyrir hana.

„Fólk segir ýmislegt til að komast fram fyrir röðina, allt frá því að segjast vera kona eða systir eigandans. Og svo eru auðvitað alltaf þessir frægu sem ætla sér að komast fram fyrir röðina út á nafnið sitt. Ef þau eru kurteis getur maður alveg slystast til að hleypa þeim inn.“

En hver skyldi vera öflugasti djammarinn í dag?

„Ég mundi segja að það væri Sævar Þór Gíslason, fótbolta- maður í Fylki, hann er ansi öflugur,“ segir Henning Þór að lokum.



Sævar Þór Gíslason, fótboltamaður hjá Fylki Er öflugasti djammarinn að mati Hennings Þórs.

GÖTUNNAR

Hverfisbarinn *Hér er Henning dyravörður.*



Dyravörður í átta ár

Dyravörður í nær áratug *Henning segist ætla að vinna við dyravörslu meðan honum leiðist ekki.*



Henning Þór *„Ég kæri mig ekkert um að fá að ríða út á þetta. Það er lítið eftirsóknarvert.“*



Henning Þór Hauksson *Segist ekki sækjast eftir greiða frá stelpunum í skiptum fyrir að hleyppa þeim inn.*

Lára Ómarsdóttir er dóttir Ómars Ragnarssonar og fréttastjóri Á FIMM BÖRN OG ÁTTA

Ég er búin að vera í afneitun mjög lengi en það er alveg frábært að feta í fótspor pabba og ég hef lært mikið af honum í gegnum tíðina," segir Lára Ómarsdóttir fréttakona á NFS og dóttir Ómars Ragnarssonar. „Ég skil miklu betur núna hvernig þetta var hjá pabba, nú skilur maður æskuna betur," segir Lára sem er aðallega í svokallaðri fréttaveitu sem er með fréttir allan sólarhringinn nema kvöldfréttirnar.

Áður en Lára skelti sér í fréttirnar var hún innkaupastjóri hjá Office 1 og stóð meðal annars fyrir því að verslunin seldi ekki klám. „Það var mitt gæluverkefni. Mér fannst það ekki passa við kunnahópinn. Þetta var síðan blásið upp af feministum sem voru ánægðir með þetta, en það var bara í góðu lagi," segir Lára sem er gift Hauki Olavssyni, bróður Konráðs fyrrverandi landsliðsmanns í handbolta. „Við erum búin að vera gift í 13 ár og eigum saman fimm börn," segir Lára sem verður 35 ára núna í mars. Elsta dóttir þeirra er fimmtán ára en þau eiga fjórar dætur og svo tveggja ára strák sem kom í restina. „Ég gat ekki hætt fyrr en ég var búin að eiga hann. Þetta hefði getað orðið eilífðarverkefni en ég hefði aldrei gefist upp, enda mjög þrautseig."

Búa í pínulítili íbúð

Lára og fjölskyldan búa í pínulítili íbúð og því er mjög þröngt um þau. „En við erum mjög samheldin og samrýmd enda ekki pláss til neins annars, við verðum bara öll að vera vinir," segir Lára sem á nokkra ketti líka. „Ég veit ekki hvort ég á að þora að segja það en eins og staðan er núna á ég átta ketti, við erum því alls fimmtán í heimili," segir Lára og hlær en hún vonast til að losna við eitthvað af nýfæddum kettlingum. „Það eru engir árekstrar enda allir með kött og svo er einn auka ef einhver skyldi vera úti."

Kettirnir eru mjög barngóðir að sögn Láru og fara stundum með stelpunum í skólann. „Það þykir ekki mjög spennandi og það hefur aðeins verið kvartað yfir því. Þeir labba með þeim í skólann og bíða svo eftir því að þær komi út í frímínútur," segir Lára og hlær.

Barnabörnin 19 sett í skottið

Lára man ekki alveg hvað allir kettirnir heita enda frekar margir. „Einn heitir Friða, annar Jakob og svo er það Jónas prumpukall sem prumpar alveg svakalega mikið," segir Lára sem hefur mjög gaman af köttunum sínum.

En er þabbi þinn ekkert að passa fyrir þig kettina?

„Nei, hann er alveg ómögulegur í því greyið, hann passar hvorki börn né ketti og hvað þá sjálfan sig. Honum er ekki treyst í það. Ég hef prófað það einu sinni og geri það ekki aftur," segir Lára sem hefur greinilega litla trú á föður sínum í þessum málum.

„Hann er samt alveg frábær afi. Hann á ristastóran rauðan húsbíl þar sem hann setur oft öll 19 barnabörnin í skott og keyrir með þau upp á fjöll og fer í sérstakan strætóleik sem hann hefur fundið upp. Þetta finnst krökkunum alveg frábært þó þau komi til baka með kúlur og marbletti, hann er ekki að keyra rólega enda ekkert gaman að því. Svo leikur hann einhvern kall og fer með gamanvísur fyrir þau og svona."

Ókeypis skemmtikraftur í barnaafmælum

Ómar Ragnarsson er alltaf látinn syngja eina vísu þegar hann kemur í heimsókn en á Lára eitthvað uppáhald eftir hann?

„Þegar ég var krakki vorum við alltaf að biðja um sama lagið. Það er texti sem hann samdi við lagið Kanntu brauð að baka? og er mjög myndinn. Svo hef ég alltaf verið svakalega hrifin þegar hann tekur minkinn í hæsnakofanum, þegar hann leikur hæurnar og hoppar og skoppar út um allt og æpir," segir Lára og bætir við að oft sé hann með skemmtiatriði í barnaafmælum.

En er ekki erfitt að vinna á svona vöktum og vera með svo stóra fjölskyldu?

„Ég náttúrulega sé miklu minna af þeim núna en áður. Aðra hverja viku þarf ég að vinna frá 14 til 23 á kvöldin og þá varla hitti ég þau," segir Lára að lokum og hlær.



Átta kettir „Það eru engir árekstrar enda allir með kött og svo er einn auka ef einhver skyldi vera úti."



Elska kettina Kettirnir elta stelpurnar oft í skólann.



Besti afi í heimi „Hann á ristastóran rauðan húsbíl þar sem hann setur oft öll 19 barnabörnin í skott og keyrir með þau upp á fjöll og fer í sérstakan strætóleik sem hann hefur fundið upp."

kona á NFS

KETTI



Lítill íbúð Fjölskyldan býr í þínulíttilli íbúð en allir eru voðalega góðir vinir.



ALVÖRU
FÓLK



Prumpukall Lára man ekki hvað allir kettirnir heita en aðalkötturinn er þó Friða, svo Jakob og loks Jónas prumpukall.

„Einn heitir Friða, annar Jakob og svo er það Jónas prumpukall sem prumpar alveg svakalega mikið.“



Lára Ómarsdóttir Er ný fréttakona á NFS og dóttir Ómars Ragnarssonar.

Bóndinn Hafsteinn Pálsson hefur safnað plötum frá því árið 1973 og á eitt stærsta plötusafn á Íslandi.

ALVÖRU FÓLK

Fullt af plötum „En konan gaf mér svo í afmælisgjöf lítinn plötuspilara sem hægt var að tengja við útvarp.“

Á ALLAR VÍNYLPLÖTUR SEM GEFNA

„Þetta byrjaði þannig að ég eignaðist ungur handsnúinn plötuspilara sem spilaði þessar svokölluðu glerplötur en þær voru 78 snúninga. Þessar plötur voru ekki úr gleri heldur voru þær bara svona venjulega svartar en voru mjög brothættar,“ segir Hafsteinn Pálsson bóndi á Miðkoti rétt fyrir utan Dalvík.

„Ég fór í Bændaskólann á Hvanneyri og tók með mér plötuspilarann en endaði svo með því að gefa hann því maður átti lítið af peningum og hafði ekki efni á að kaupa sér plötur,“ segir Hafsteinn sem greinilega sér eftir þessum forláta plötuspilara.

Fékk plötuspilara 1973

„Það var svo þannig að við hjónin áttum vinafólk sem bjó niðri á Dalvík. Við félagarnir gerðum smá sprell á þorralóti í febrúar 1973 en þar tókum við atriði úr Kaffibrúsaköllunum. Vínahjónin fluttu svo til Reykjavíkur en sendu mér svo hljómplötu um jólin með Kaffibrúsaköllunum. Þetta var svo upphafið að safninu,“ segir Hafsteinn sem reyndar átti ekki plötuspilara á þessum árum.

„En konan gaf mér svo í afmælisgjöf lítinn plötuspilara sem hægt var að tengja við útvarp,“ segir Hann og hlær. Hafsteinn segist hafa lagt mikla áherslu á að safna í byrjun öllum plötum

sem Svavar Gestsson gaf út en hann var stór á þessum tíma í útgáfu.

Verð að eignast allt

„Ég á allar vínylplötur sem hafa komið út á Íslandi og líka alla geisladiska fram til ársins 2000,“ segir Hafsteinn stoltur enda eru fáir sem hafa verið jafn duglegir og hann í plötusöfnun. „Mér finnst þetta mjög skemmtilegt en sumir líta á þetta sem rugl í mér.“

Hafsteinn segir þetta vera ferkar dýrt áhugamál enda eru plötur og geisladiskar frekar dýr. Það kemur þó fyrir að þeir sem gefa út sjálfir sendi Hafsteini plötur en yfirleitt þarf hann

að kaupa plöturnar sjálfur.

„Þetta er komið upp um alla veggir hjá mér en ég bý reyndar ekki í stóru húsi þannig að margt geymi ég bara í kössum,“ segir Hafsteinn en tekur fram að þetta fari ekki neitt í taugarnar á eiginkonunni.

Ætlar ekki að selja safnið

„Það hafa margir spurt mig hvort ég ætli að selja safnið en ég hef aldrei spáð í það. Ég vonast til þess að safnið fái að halda sér löngu eftir minn dag,“ segir Hafsteinn sem reynir að ná í þá tónlistamenn sem eru að gefa út. Hann hefur verið í góðu sambandi við Rúnar Júlíusson í gegnum tíðina. „Hann Rúnar er



Hafsteinn Pálsson Og eiginkonan **Filippía Jónsdóttir** búa á Miðkoti rétt fyrir utan Dalvík.



Hlustar ekki á allt „Sjálfur hlusta ég aðallega á harmonikkutónlist og svoleiðis. Ég hef ekki neitt gaman af þessari svokölluðu graðhestatónlist en ég á þetta allt saman.“



Hjólar Hafsteinn hjólar allra sinna ferða.

„Ég hef nú reyndar látið margt af þessu rappi fara fram hjá mér en þó á ég allt með Quarashi og Rottweiler.“



Margar verðmætar „Svo á ég eina plötu með Halldóri Laxness þar sem hann les söguna um brauðið dýra.“

AR HAFNA VERIÐ ÚT HÉR Á LANDI

góður drengur og hefur alltaf látið mig hafa það sem hann hefur gefið út.“

Hlustar aðallega á harmonikkutónlist

„Sjálfur hlusta ég aðallega á harmonikkutónlist og svoleiðis. Ég hef ekki neitt gaman af þessari svokölluðu graðhestatónlist en ég á þetta allt saman,“ segir Hafsteinn og hlær.

„Ég hef nú reyndar látið margt af þessu rappi fara fram hjá mér en þó á ég allt með Quarashi og Rottweiler en reyndar vantar mig eina smáskífu með Quarashi. Ég hafði á sínum tíma samband við hann Sölva Blöndal en hann gat ekki

reddað mér þessari plötu,“ segir Hafsteinn frekar súr.

En hver ætli sé verðmætasta platan í safninu?

„Jú, ég á eina stóra plötu með Svanfríði sem er talin mjög verðmæt og svo á ég litlu afmælispötuna með Sykurmolunum sem er árituð af öllum úr hljómsveitinni. Ég held að þessi plata hafa verið spiluð einu sinni. Svo á ég eina plötu með Halldóri Laxness þar sem hann les söguna um brauðið dýra,“ segir Hafsteinn.

Það má benda tónlistarmönnum á að senda Hafsteini þær plötur sem þeir eru að gefa út því Hafsteinn er alltaf á höttunum eftir nýrri íslenskrri tónlist.



Ætlar ekki að selja „Það hafa margir spurt mig hvort ég ætli að selja safnið en ég hef aldrei spáð í það.“

Ágúst Ólafur Ágústsson og Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir fóru nákvæmlega sömu leið í gegnum skólakerfið



Með þá yngstu Hér er Ólafur með dóttur sína Kristrúnu sem er alveg að verða eins árs.



Varaformaður Ágúst var kjörinn varaformaður Samfylkingarinnar í vor.



Flottur pabbi Ólafur ásamt eldri dóttur sinni Elísabetu Unu.

ALVÖRU FÓLK

„Hún hefur heilmikinn áhuga á pólitík og það er mjög gott að geta borið mál undir hana og eiga stuðning hennar.“

ÞORBJÖRG ER MINN BEST

Við erum bæði af Seltjarnarnesi. Ég hef reyndar sett fram þá söguskyringu hér heima að konan mín hafi lengi stefnt að þessum ráðahag. Rökstuðningurinn er sá að ég er árinu eldri en hún og hún fór nákvæmlega sömu leið og ég í gegnum skólakerfið. Fyrst var

það Mýrarhúsaskóli og Valhúsa-skóli, svo Menntaskólinn í Reykjavík og loks lagadeild Háskóla Íslands. Það hefur hins vegar verið tekið mjög dræmt í þessa kenningu mína á heimilinu,“ segir Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, en kona hans er

Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir lögfræðingur.

Þekktust ekki vel

„Þrátt fyrir að hafa verið samferða í námi í öll þessi ár þekktumst við ekki mikið. Við kynntumst þegar ég var að ljúka við nám í MR og urðum upp úr

því vinir, en það var síðan ekki fyrr en í lagadeildinni sem við urðum par,“ segir Ágúst Ólafur en hann lærði einnig hagfræði í Háskóla Íslands.

„Þorbjörg er minn besti vinur og bandamaður. Hún hefur heilmikinn áhuga á pólitík og það er mjög gott að geta borið mál undir



Ungur maður á uppleið Þrátt fyrir ungan aldur hefur Ágúst náð frábærum árangri á þingi.



Þorbjörg Er besti vinur Ólafs og bandamaður.

Ástarsagan

VINUR OG BANDAMAÐUR

hana og eiga stuðning hennar. Það hlýtur auðvitað að vera kostur að hafa svipuð áhugasvið.

Það er svo aldrei að vita hvort dæturnar erfi þennan áhuga á stjórnmálum, það er kannski allt eins líklegt að þær verði búnar að fá sig fullsaddar á þessum heimi þegar að því kemur. Eldri dóttir

okkar var til dæmis bara nokkurra daga gömul þegar hún fór með foreldrum sínum að kjósa í fyrsta skipti.“

Eiga tvær dætur

Ágúst Ólafur og Þorbjörg eiga tvær dætur, tæplega 4 ára og 1 árs. „Það að eignast dætur

hefur auðvitað breytt mér heilmikið. Málefni fjölskyldunnar og jafnréttismál urðu mér til dæmis meira hugleikin eftir það. Nú er víða á brattann að sækja hjá ungu fjölskyldufólki. Það hefur til dæmis aldrei verið eins dýrt að eignast húsnæði, leikskólagjöldin eru há, barnabætur hafa

verið skertar, matvælavæðið er það hæsta í heimi og menntakerfið er fjársvelt. Aðstæður ungs fólks gætu verið mun betri en þær eru núna. Samfylkingin stendur einfaldlega fyrir aðra forgangsöröðun en núverandi ríkisstjórn,“ segir Ágúst Ólafur.

H&N-myndir E.Ól. & Róbert

Sírrý fór til Kúbu

„Áður en við höldum matarboð þarf að innrétta samkvæmt nýj-
ustu tísku því sjálfsmynd okkar
er svo tengd vörumerkjum: Ertu
Ikea eða Natuzzi-sófasett?“

Heitur dans
Kúbanir eru
ekki feimnir
við að taka
smá salsapor.

Sírrý SEGIR

RÉTTI TÍMINN

Við Íslendingar ætlum okkur svo sannarlega öll að njóta lífsins. En áður en við kaupum flottan kjól þarf að fara í megrun, áður en við tökum dansspor þarf að fara í danstíma og áður en við förum á ball þarf að fara út að borða og helst í snyrtingu, brúnkumeðferð og partí áður en hægt er að skella sér á ballið löngu eftir miðnætti. Áður en við sláum einhverjum gullhamra þarf að fá sér aðeins í glas.

Ertu Sony eða Bang & Olufsen?

Áður en við höldum matarboð þarf að innrétta samkvæmt nýj-
ustu tísku því sjálfsmynd okkar

er svo tengd vörumerkjum: Ertu Ikea eða ertu Natuzzi-sófasett? Eða hvað þetta nú heitir. Ertu Sony eða Bang & Olufsen? Ertu púkö eða áttu plasmaskjá? Við erum svo háð neysluvörum að flestir bjóða ekki í mat nema hafa mikið fyrir því og við keppumst við að elda framandi rétti á gasi í eldhúsi sem er á raðgreiðslum. Fólk státar sig af því að „hafa rif-ið allt út“ og innréttað upp á nýtt. Svo eru margir með svo mikinn kvíðahnút út af skuldaspunni að við treystum á gleðipillur til að lifa af. Geðlyfin deifa kynhvötina svo við treystum á viagra og önnur hressingarlyf fyrir kynlífið. Við erum alltaf að kaupa eitthvað til að geta lifað lífinu. Ég er ekkert

öðruvísi en aðrir og tek fullan þátt í lífsgæðakapflaupinu. Þarf til dæmis endilega að fara að endurnýja eldhúsið. En ég horfi á þennan lífsmáta okkar með gagnrýnni augum en áður eftir Kúbuferðina.


Þar eiga menn yfirleitt ekki neitt nema líðandi stund. En fólk-ið þorir að vera í núinu og vera til. Fólk býr þröngt og oft illa en það kemur ekki í veg fyrir að dyrnar standa öllum opnar og mikið er um samgang milli fólks.

Matarboð hjá kúbverskri fjölskyldu

Ég fór í matarboð hjá kúb-
verskri fjölskyldu, amman átti
afmæli og Íslendingar voru í

heimsókn svo það var elduð góð kúbversk súpa, borin fram með hrisgrjónum og steiktum bönun-
um. Svo var rommflaska dregin fram og ballið var byrjað. Opið var fram á gang og í þessu gamla 70 manna fjölbýlishúsi þótti sjálf-
sagt að sem flestir kíktu inn, þáðu stau af víni og margir voru til í að kenna okkur Íslendingum salsapor. Það var dansað og djammað á örfáum fermetrum. Fólk skiptist á að borða við eina borðið í íbúðinni og það var ekki gert mál úr neinu. Það var bara gaman. Gestir, tónlist og líðandi stund.

Mikið svakalega var gaman. Amman fékk afmælissöng, fólk gaukaði að henni sleikibrjóst-



Dönsum Er ekki rétti tíminn fyrir lífsgleðina einmitt núna?



Í góðu stuði Fólk dansar úti á götu alla daga.



Lærum af Kúbverjum Við ættum að læra af Kúbverjum og rækta samskiptin, ástina, dansinn.

FYRIR LÍFSGLEÐINA ER NÚNA

sykri, kortum eða einhverju smáræði. Svo fékk hún sér rommglas og var eins og blómi í egg. Það er ekki hægt að vera einmana í svona opnu og félagslegu umhverfi.

Fólk alltaf að dansa

Fólk dansar úti á götu alla daga. Það naut þess að syngja eða bregða á leik fyrir framan myndatökuvél okkar á Stöð 2. Enginn var að biðjast afsökunar á sér. Konur með stóra maga og breiðar mjaðmir dönsuðu og voru svo sáttar við sig að það streymdi af þeim kynþokkinn.

Karlmennt slá konum gullhamra alveg hægri, vinstri. Það er hrósað, kysst og brosað út í

eitt. Samt á þetta fólk ekki neitt. Vöruskortur er gifurlegur og fólk á ekki neitt. Nema það sem skiptir máli, líðandi stund, góða skapið, mannleg samskipti og erótíska útgeislun.

Við búum í höllum miðað við þetta fólk, viljum hafa nuddpotta, leðursófa og málað svart-hvítum litum. Samt held ég að hér séu ótrúlega margir kvíðnir, einmana og þrá meiri ást og rómantik.

Þetta eru dálitlar alhæfingar hjá mér og málað svart-hvítum litum. En ég hef kynnst bandarískum viðskiptakönunum undir ferktugt sem eiga allt: Glæsihús með þremur baðherbergjum, finan bíl og háar tekkjur. En í neyslukapphlaupinu hefur ekki gefist tími til

að kynnast draumaprinsinum, dansa og daðra. Svo þegar lífsklukkan er farin að tikka er farið á fullt að reyna að eignast mann og börn. En það gerist ekki endilega þegar mikið liggur við. Vonandi erum við ekki orðin svona.

Slöppum af

Á sumrin þegar sólin skín þorum við að staldra við, klæða okkur létt og fallega, hitta fólk, dansa og blómstra. Við bjóðum í óformlegar

grillveislur og hittumst án þess að hafa svo mikið fyrir því. En við ættum að læra af Kúbverjum og rækta samskiptin, ástina, dansinn, hrósið og gleðina allan ársins hring.

Er ekki tilefni til að bæta inn í skipulagsdagbókina tíma til að hafa gaman, slappa af með fólki og vera lifandi tilfinningaverur hér og nú? Ekki bara þegar búð er að innrétta íbúðina, klára prófið, taka bílskúrinn í gegn, kaupa betra rúm, fara í líkamsrækt... Er ekki rétti tíminn fyrir lífsgleðina einmitt núna?



Vantar ekki kynþokkann Á Kúbu er fólk alltaf að dansa.

Eitt öflugasta fyrirtæki í tölvugeiranum í eigu Íslendinga er CCP. Fyrirtækið hefur skákað risum á borð við Microsoft og Sony í samkeppninni. Næst á dagskrá er Asíumarkaður.



Byrjaði með borðspili

Reynir Harðarson stofnaði CCP árið 1997 með félagu sínum. Nú árum seinna er fyrirtækið að skjóta Microsoft og Sony ref fyrir rass.

Vinnur að hugarfóstrinu Reynir átti, ásamt Þórólfi Beck, hugmyndina að leiknum þegar hann var rétt tvítugur.

HÆTTUSPIL OG

Híð íslenska tölvuleikjævintýri sem er á allra vörum þessa dagana hófst þegar tveir rúmlega tvítugir piltar fengu hugmynd að byltingarkenndum tölvuleik, fjármögnuðu frumgerð með því að gefa út borðspil, unnu svo hörðum höndum, næstum því án þess að sofa í mörg ár, þar til kom að útgáfudegi flottasta tölvuleiks í heimi, EVE.

Eftir að hafa loksins komið leiknum út, hafandi unnið, ásamt teymi sínu, launalaust í nokkra mánuði, lenti Reynir Harðarson, annar stofnendanna og teymi hans hjá CCP í meiri hremmingum og leit lengi vel út fyrir að öll þessi þrotlausa vinna hefði verið til einskis. En nú er allt að ganga

upp og líkur á að velgengnin eigi enn eftir að margfalda.

Öskubuskuævintýri

Þegar Reynir var 23 ára og að vinna hjá OZ sem sjálfmenntaður grafískur hönnuður ákvað hann með félagu sínum Þórólfi Beck að gera tölvuleik.

„Við ákváðum að hætta hjá okkar fyrirtækjum árið 1997 til að stofna CCP og gera EVE-leikinn. Við vorum búnir að vera að plana þetta í ár.

Við byrjuðum á að hanna og gefa út borðspil sem hét Hættuspilið. Það seldist í tíu þúsund eintökum. Þannig fengum við peninga til að starta batteríinu. Í ársbyrjun '99 gátum við farið að ráða inn grafíkera og forritara,

leggja drög að prótótýpunni, hanna grafíkina, klára handritið og smíða þrívíddarvélin. Byrjuðum með tvo, svo þrjá forritara, svo í maí 2000 vorum við tilbúnir með viðskiptaáætlun og prótótýpu af leiknum.“

Engin uppgjöf

„Þetta var mikið ævintýri því enginn okkar hafði gert tölvuleik áður. Þetta tók ári lengur en við höfðum ætlað og kostaði miklu meira en við höfðum haldið og tók lengri tíma að fá útgefanda. Þetta var brjáluð vinna.“

Reynir segir þessa gerð tölvuleikjar vera það erfiðasta sem hægt sé að taka sér fyrir hendur í tölvubransanum.

„Þetta er náttúrlega bara

brjálæði. Þegar við vorum að klára leikinn voru peningarnir uppnir þannig að allir hjá fyrirtækinu þurftu að vinna launalaust í þrjá mánuði. Það gafst samt enginn upp, það höfðu allir svo mikla trú á leiknum að menn unnu myrkranna á milli til að ná að klára. Yfirdrættirnir hjá okkur hækkuðu allsvakalega á þessum tíma.“

Milli steins og sleggju

Fórnir starfsmannanna borguðu sig, leikurinn kom loks út og launalaus starfsmennirnir fengu loks útborgað.

En Adam var ekki lengi í paradís. Útgefandi leiksins, Simon-&Shuster, stóð ekki við loforð varðandi markaðssetningu.



Ævintýrið rétt að byrja
Mynd af CCP-teyminu frá 2001. Reynir er aftast á myndinni í ljósum jakka.

Hvað er þetta? Í höfuðstöðvum CCP blasir þessi glertafla við með torræðum útreikningum sem ekki er allra að ráða í.



ALLT UM LEIKINN Á NÆSTU SÍÐU

„Það gafst samt enginn upp, það höfðu allir svo mikla trú á leiknum að menn unnu myrkranna á milli til að ná að klára.“

HEIMSYFIRRAÐ

„Síðan komumst við að því að það átti að loka deildinni sem sá um útgáfuna. Þannig að það var engin markaðssetning í gangi, leikurinn fékkst ekki í búðum og við máttum ekki selja hann sjálfir. Við vorum á milli steins og sleggu,“ segir Reynir.

Það leit illa út fyrir brjáluðu Íslendingana sem höfðu lagt allt undir fyrir tölvuleikinn sinn. „Við tók annar erfiður tími, átta mánuðir af baráttu. En við náðum að lokum að kaupa útgáfuréttinn til baka af Simon&Shuster og gátum loks farið að selja leikinn eins og við vildum. Þá snerist dæmið heldur betur við.“

Framtíðin björt
„Núna stendur til að koma

leiknum á markað í Asíu en Asíumarkaðurinn er margfalt stærrí en Evrópu- og Bandaríkjamarkaðurinn og því til mikils að vinna í þessari atlögu brjáluðu Íslendinganna.

Við náðum 100.000 áskrifenda markinu núna í janúar og EVE hefur aldrei vaxið hraðar. Við vorum að opna skrifstofu í Kína og erum að blása til sóknar í Asíu. Ef það gengur upp gæti salan á leiknum margfaldast, því bara Kína eitt og sér er tíu sinnum stærrí markaður en Bandaríkin og Evrópa samanlagt.

En hvað við náum að selja í Kína er ómögulegt að segja. En þetta lítur allavega vel út núna og við erum bjartsýn.“

EVE II?

Ertu ekki orðinn ríkur á þessu?

„Þetta skuldsetti mann svo rosalega í byrjun að það tók mörg ár að losna við þann hala en maður hefur það alveg ágætt. Ég lifi allavega ekki á vatni og brauði lengur.“

Reynir segir ekki fyrirhugað að gera EVE II í nánustu framtíð. „EVE sem er í gangi núna er allt annar og betri en var 2003, þetta er eiginlega orðið EVE IV, ef maður væri að telja. Þetta er allt öðruvísi í fjölnotendaleikjum en í öðrum leikjum.“

Við erum stanslaust að uppfæra EVE og áskrifendur okkar fá allar uppfærslur ókeypis um leið og þær eru tilbúnar. Á sex

mánaða fresti komum við með stórar nýjungar inn og þá er gaman að vera til.“

Litli risinn

Nú á dögnum voru Björgólfur Thor og félagar í Novator að kaupa stóran hlut í fyrirtækinu og því greinilegt að það er með þeim heitari í dag og þá sérstaklega ef horft er til Asíumarkaðans sem gæti hæglega tvöfaldað veltuna ef vel spilast úr spilunum.

Það hefur margt gerst síðan félagarnir ungu gerðu Hættuspilíð með drauminn um hinn fullkomna tölvuleik í farteskinu og sér ekki fyrir endann á útrás litla risans fá Íslandi.

Á ytri svæðum himingeimsins ríkja engin lög. Það er hart barist í þessum risastóra heimi sem Íslenski tölvurísinn CCP hefur skapað. En um hvað snýst EVE?



Rosaleg geimskip Geimskipin sem fljúgast á í leiknum eru rosaleg enda hönnuðir CCP margverðlaunaði.

Margverðlaunuð grafík EVE fékk verðlaun fyrir bestu grafík í tölvuleik árið 2003 og er enn að hrúga inn verðlaunum.



Ófrýnilegir afkomendur Karakterar úr EVE en þeir eiga að vera afkomendur okkar jarðarbúa í framtíðinni sem lokast inni í öðrum heimi.



GULLÆÐI Á GEIMSKIPUM

Í nálægri framtíð finnast ormagöng nálægt sólkerfi okkar sem leiða yfir á svæði sem enginn veit hvar er. Á þessum tíma hefur maðurinn numið land í flestum stjörnukerfum í nágrenni við okkar. Af þeim sökum hefst hálfgerð gullæði á þessu nýja, ónumda svæði og landnemar slá eign sinni á hverja plánetuna á fætur annarri. Hlið er smíðað um þessi ormagöng svo hægt sé að koma stórum geimskipum í gegn um göngin.

Strandaglópar

Hliðið hrynur þó fljótlega og landnemarnir verða stranda-

glópar á þessum nýja, ókunna stað. Flestar nýlendurnar deyja út því engar vistir eru fyrir hendi og vatn og eldsneyti af skornum skammti. Siðmenningin gleymist með tíð og tíma, tæknin gleymist líka að miklu leyti, það eina sem lifir eftir til minja um tilveru okkar jarðarbúa eru sögur. Þjóðsögur um gamla heiminn, rétt eins og Íslendingasögurnar.

Þeir landnemar sem lifa af mynda fimm ættflokka og hefst tími leikjarins þegar þessir fimm ættflokkar hittast. Þá byrjar gamanið, menn fara að mynda bandalög til að ná sem lengst og enginn er annars bróðir.

Risastríð á netinu

Í dag spila allt að 24 þúsund manns leikinn í einu, að sögn Reynis Harðarsonar hjá CCP. „Við erum að sjá stríð sem standa yfir í marga mánuði þar sem þúsundir leikmanna eru í stríði á móti öðrum þúsundum.

Menn annað hvort ganga til liðs við fyrirtæki eða stofna sín eigin. Fyrirtækin hafa svipaðan strúktúr og fyrirtæki í venjulega heiminum. Síðan mynda framkvæmdastjórnarnir hernaðarbandalög sem fara svo í stríð við önnur bandalög, valda skaða, ráðast á geimstöðvar og svoleiðis.“

Aldrei frí

Leikurinn spilast í rauntíma og því getur ýmislegt gerst ef maður fylgist ekki með daglega. Ef spilari skellir sér til Mallorca í tvær vikur gæti hann lent í því að fyrirtækið hans sé rústur einar þegar hann skráir sig inn næst.

Karakterar í leiknum ganga kaupum og sölum á netinu og eru sögur af því að fólk hafi það að lifibrauði að spila leikinn og selja svo karakter sinn þegar vel gengur. „Við erum ekkert sérstaklega ánægðir með það,“ segir Reynir. „En það er víst eitthvað um það.“



NJÓTTU LÍFSINS
MEÐ HEILBRIGÐUM
LÍFSSTÍL

KEA-skyr er fráber hollustuvara, einstaklega
prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust.

Í því eru hvorki sættuefni né önnur
hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur
fyrir alla þá sem hafa hollustuna
í fyrirrúmi og vilja lifa á
heilsusamlegan hátt.



Skyr



FIGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA



Sæt stelpa!

„Fyndið að hugsa til þess að þeir hafi haldið að ég gerði þetta kannski mér til dægrastyttingar.“

Kvenlegur og flottur
Það er ekki hægt að segja annað en að Heiðar taki sig vel út í dragi.

HEIÐAR AUSTMANN

„Þetta var erfitt, að sitja svona lengi, og ég er ennþá að súpa seyðið af þessu, það er ekkert grín að þrifa þetta listaverk af,“ segir útvarpsmaðurinn Heiðar Austmann, en honum var breytt í stórglæsilega dragdrottningu á fimmtudagskvöldið.

Tekur ofan fyrir konum

„Þetta var alveg skemmtileg

reynsla og svona en þegar ég var í sturtunni í morgun sór ég að ég mundi aldrei gera þetta aftur,“ segir Heiðar og segist enn vera að þrifa af sér augnháralitinn. Heiðari var á fimmtudaginn breytt í Kleópötru í Fördunarskóla Rifka þar sem vinkona hans, María Sveinsdóttir útvarpskona, er við nám.

„Ég tek ofan fyrir konum sem

nenna þessu veseni, að mála sig svona mikið og gera sig sætar á hverjum degi. Þær eiga svo sannarlega heiður skilinn,“ segir útvarpsmaðurinn, en hann átti einmitt að mæta í fótboltaleik og spila með liðinu sínu ÍH skömmu eftir að listaverkið var fullkomnað.

„Það voru nokkrir í liðinu sem spurðu mig hvort ég væri klikkaður, þeir trúðu því ekki alveg að

ég hefði verið tilraunadýr. Fyndið að hugsa til þess að þeir hafi kannski haldið að ég gerði þetta mér til dægrastyttingar,“ bætir Heiðar við og hlær.

Allir vildu tækla sætu stelpuna

„Ég mætti þarna fallega mál- aður kringum augun og með hárið sleikt aftur. Við skulum orða það

Útvarpsmanninn knáa, Heiðar Austmann, grunaði ekki hvað hann átti í vændum þegar hann sagðist mundu gera vinkonu sinni Maríu Sveinsdóttur smá greiða. María, sem er við nám í Föðunarskóla Rifka, breytti Heiðari í hina glæsilegu Kleópötru.



María Sveinsdóttir
Hefur söðlað um, er hætt í útvarpinu og farin að læra föðun.



Einlægur Heiðar
með geislandi augnaráð.



Flottur með kolluna Það er ekki hægt að segja annað en svarta Kleópötruháarkollan fari Heiðari vel.

V Í DRAGI

þanning að allir í hinu liðinu vildu tækla þessa sætu stelpu," segir Heiðar hress. Hann segist þó ekki eiga von á því að fara aftur í drag, eitt skipti sé nóg og þetta hafi verið skemmtileg reynsla.

María segir Heiðar hafa verið gott módel. „Hann stóð sig alveg frábærlega og var ótrúlega flott Kleópatra," segir hún og brosir sínu einstaklega fallega brosi.

Hún segir námið vera ótrúlega skemmtilegt og skapandi.

„Það er bara æðislega gamlan í skólanum og eins og þið sjáid eru verkefnin rosalega skemmtileg," segir María ánægð með listaverkið Kleópötru.

Hætt í útvarpinu í bili og farin að læra föðun

María Sveinsdóttir vann um

árabil á útvarpsstöðinni Létt 96,7 en hefur nú aldeilis söðlað um og skráði sig í föðunarnám eftir áramót. María segist hafa gaman af náminu og tekur aukavaktir á Kissfm með.

„Ég fæ pottþétt góða ein-kunn fyrir Heiðar Austmann, ég lagði mig sérstaklega fram við að gera hann sætan."



Langar þig að kyssa mig?
Ætli Ásgeir langi ekki að smella einum heitum kossi á Heiðar þegar hann er kominn í drag?

Aron Brink er klár strákur. Hann er nýorðinn ellefu ára og hefur vakið athygli fyrir framúrskarandi leikhæfileika en hann leikur eitt af aðalhlutverkunum í nýjustu mynd Árna Ólafs Ásgeirssonar, Blóðbönd.

LANGAR AÐ LEIKA AFTUR Í BIÓMYND



Aron Brink Þrátt fyrir ung-
an aldur er Aron frábær
leikari og hefur vakið mikla
athygli í Blóðböndum.

Flottir
feðgar!

Stoltur pabbi Sig-
urjón er að vonum
rosalega stoltur af
stráknum sínum.

Hann bara fór í prufu strákurinn og stóð sig svona vel að hann fékk hlutverk-
ið," segir Sigurjón Brink faðir Ar-
ons Brink sem leikur eitt af aðal-
hlutverkunum í nýjustu mynd
Árna Ólafs Ásgeirssonar, Blóð-
bönd.

Stóð sig vel í prufunum

„Við erum auðvitað alveg
rosalega stolt af honum öll fjöl-
skyldan og það var bara æðis-
legt að sjá myndina," segir Sig-
urjón.

„Hann stóð sig bara æðislega

vel í prufunum strákurinn," segir
Sigurjón en það má svo sannar-
lega segja að listagyðjan dvelji
langdvölum hjá litlu fjölskyldunni
í Garðabænum þar sem Sigurjón
er sjálfur tónlistarmaður og syst-
ir hans Nína Dögg Filippusdóttir
og unnusta hans Þórunn Clau-
sen eru báðar leikkonur. En
hvernig skyldi honum hafa fund-
ist að leika í Blóðböndum?

„Mér fannst það bara rosa-
lega gaman," segir Aron kátur í
bragði en segir þó að stundum
hafi verið erfitt að fylgja leiðbein-
ingum leikstjórans Árna Ólafs

sem hann segir þó rosalega
skemmtilegan.

„Jú, það var stundum erfitt,"
segir Aron og hlær.

Skrýtið að sjá sig í bíó

Í myndinni leikur Aron dreng
að nafni Örn. Faðir Arnar kemst
að því fyrir tilviljun að hann er
ekki blóðfaðir hans og út frá því
spinnst sagan sem kemur mikið
inn á mannlegar tilfinningar. Aron
segist langa til að leika meira en
hann þótti sýna frábæran leik í
Blóðböndum. Hann ætlar þó að
láta skólann ganga fyrir en hann

er í fimmta bekk í Vogaskóla.

„Já mig langar að leika aftur í
bíómynd seinna, þetta var mjög
gaman," segir Aron en hann
segir það hafa verið skrýtið í
fyrstu að sjá sjálfan sig í fullri
stærð á hvíta tjaldinu.

„Það var skrýtið fyrst en svo
er það bara gaman," segir hann
hress.

Hlakkar til að leika aftur

„Ég hlakka bara til að fá að
leika aftur, þetta var mjög
skemmtilegt," segir Aron en
hann fær vafalaust tækifæri til

Undrabarn!

Góðir félagar

*Peir feðgarnir
Aron og Sig-
urjón Brink eru
góðir vinir.*



Þess aftur enda hefur strákurinn vakið mikla athygli í hlutverki Arnar í Blóðböndum. Hann leikur á móti Margréti Vilhjálmsdóttur og Hilmari Jónssyni en þau þykja einnig sýna góða takta í myndinni, enda þrælvanir leikarar þar á ferð. Hið sama er þó ekki hægt að segja um Aron því Blóðbönd var frumraun hans í leiklistinni. Ekki slæmt að byrja á aðalhlutverki í stórri kvikmynd og sérstaklega þegar maður er aðeins ellefu ára gamall. Við megum án vafa eiga von á að sjá meira af Aroni þegar fram líða stundir.

Aron Brink þykir sýna frábæran leik í myndinni Blóðbönd.

1 Koddinn með í útileguna

„Ég tek koddann minn ævinlega með mér í útilegur, get ekki sofið án hans.“



2 Skrifaði um gömul hús

„Fyrsta blaðagreinin sem ég skrifaði fjallaði um verndun gamalla húsa, þá var ég 17 ára. Ég er enn við sama heygardshornið og fatta ekki hvernig hægt er að loka augunum fyrir öllum þeim menningarverðmætum sem liggja í gömlum húsum.“



3 Sýning með úrklippum

„Um þessar mundir stendur yfir sýning í Galleríi humar eða frægð, sem byggir að hluta til á gömlu úrklippubókunum mínum, en þær opna ég nú ekki fyrir hvern sem er. Það má segja að sýningin sé risastór úrklippubók um árin sem Svart og sykurlaust starfaði.“

4 Langar í djúpan lesstól

„Það sem mig langar mest að kaupa til heimilisins er djúpur lesstól og lampi. Það sýnist mér eina leiðin til að losa mig frá tölvunni.“



5 Var messa-gutti

„Á námsárunum vann ég fyrir mér sem messa-gutti á Sambandsskipunum, sigldi til Antwerpen, Hamborgar, Hull og Grimsby.“

10

hlutir sem þú vissir ekki um mig...

VANN SEM MESSAGUTTI Í GRIMSBY

Kolbrún Halldórsdóttir talar um koddast, lesstól og ítölskukunnáttu sína.

6 Langar að leikstýra Tom Waits

„Ég hef átt þess kost að leikstýra mörgum af uppáhaldssöngleikunum mínum, Jesus Christ Superstar, Rocky Horror, Fiðlaranum á þakinu o.fl. En sá sem mig hefur lengi dreymt um að leikstýra er Black Rider eftir Tom Waits o.fl.“

7 Langar í listaverk

„Ég á mörg falleg myndlistaverk, eftir góða myndlistarmenn, en núna langar mig mest að eignast verk eftir Guðrúnu Einarsdóttur.“



8 Kann ítölsku

„Ítalskur matur er í sérstöku uppáhaldi hjá mér, sem kemur ekki á óvart þegar grænmetisæta á í hlut, en það vita færri að ég lærði ítölsku í gamla daga og dreymir alltaf um að taka upp þráðinn.“

9 Grænmetisæta frá tvítugu

„...grænmetisæta, já. Ég hætti að borða kjöt þegar ég var rétt rúmlega tvítug og hef aldrei séð eftir því.“

10 Vinnur of mikið

„Ég er hætt að óska þess að það væru fleiri tímar í sólarhringnum. Ég myndi áreiðanlega eyða þeim bara í einhverja vitleysu, til dæmis í meiri vinnu. Ég þarf örugglega einhverjar aðrar leiðir til að búa mér til tíma í allt sem mig langar að gera til hliðar við vinnuna mína.“

NÝI ÖKUSKÓLINN

Öll vinnuvélaréttindi
Öll ökuréttindi
Skapaðu þér þitt
eigið góðæri



Nýi ökuskólinn **et** húsinu Klettagördum 11

S: 588-4500 www.et.is

SKEMMTU EFGASTA

SPURNINGAKEPPNI

SPURNINGAKEPPNIN
SPURÐU VIN PINN



1. Hvaða fræga Hollywood-leikara er leikkonan Reese Witherspoon gift?
2. Hver er forstjóri Landhelgisgæslunnar?
3. Með hvaða liði heldur Sigurður sjómaður í laginu vinsæla?
4. Geta hundar og refir eignast saman afkvæmi?
5. Hver lenti í þriðja sæti í undankeppni Eurovision?
6. Hver leikstýrði kvikmyndinni Blóðbönd?
7. Hver er formaður utanríkisnefndar Alþingis?
8. Við hvaða götu stendur Alþingishúsið?
9. Með hvaða knattspyrnuliði leikur hinn þýski Michael Ballack?
10. Hvað heitir nýja nautið í húsdýragarðinum?
11. Hvað samdi Mozart mörg tónverk?
12. Hvaða framhaldsskóli hefur unnið Morfís oftast?
13. Hvenær hófu menn að framleiða smokka úr gúmmí?
14. Hver er formaður Idol-dómnefndarinnar?
15. Hver talaði fyrir Kela í Stundinni okkar?
16. Hvað kallar myndlistar- og tónlistarmaðurinn Birgir Thoroddsen sig?
17. Hver er sjónvarpsstjóri á Skjá einum?
18. Hvað heitir apinn hennar Línu Langsokks?
19. Hvað hét fyrsta smáskífa hljómsveitarinnar Quarashi?
20. Hvað heitir sjónvarpsstjarnan Party-Hanz á Sirkus réttu nafni?



BETT SVAR

11. Um 600
12. Verzlunarskóli Íslands
13. Um 1840
14. Einar Bærdarson
15. Steinn Ármann Magnússon
16. Curver
17. Magnús Ragnarsson
18. Herra Niels
19. Switchdance
20. Jóhann Ólafur Schröder

1. Ryan Phillippe
2. Georg Lárusson
3. KR auðvitað, enda sannur vesturbælingur
4. Nei
5. Frjáttik Ómar Hjórtólsson
6. Árni Ólafur Ásgeirsson
7. Halldór Blöndal
8. Kirkjustræti
9. Bayern München
10. Hróður

Skopmynd vikunnar



Það er eins gott að ég muni græða eitthvað á þessu.

Ooh dear...
God save the queen!


EINAR, getum við farið í búðir, ég þarf að kaupa Old Spice fyrir kærastann minn.

NÆLON
FLOKKURINN

NÆLONFLOKKURINN Í LONDON

HÉR & NÚ KROSSGÁTAN

NR.24

	1	2	3		4	5	6		
				7		8		9	
	10			11	12				
	13	14			15				16
17			18	19			20	21	
22			23		24		25	26	27
	28			29		30			31
32			33		34		35		36
		37				38		39	
41	42				43		44	45	
46				47	48			49	50
	51				52		53		54
	55				56			57	
							58		

LÁRÉTT

- 1 HLIÓMA (3)
- 4 STYKKI (3)
- 8 HEYSKAPARAMBOÐ (3)
- 10 ÓNEFNDUR (2)
- 11 ÖRLÁTUR (5)
- 13 STEINTEGUND (4)
- 15 NÁ (5)
- 16 VÖRUMERKI (2)
- 17 POTÁ (3)
- 18 SEYTLAR (4)
- 20 PRUFA (4)
- 22 SLÉTTUR (4)
- 24 NÝR (5)

- 27 FORSKEYTI (3)
- 28 ÞVÍLÍKT (5)
- 30 FÆÐA (3)
- 31 VITFIRNING (3)
- 32 TVEIR EINS (2)
- 33 GLYÐRA (4)
- 35 HEPPNI (5)
- 37 HLOTNAST (6)
- 39 MISTAKAST (5)
- 41 FJARRI (4)
- 43 TANGI (3)
- 45 Í RÖÐ (2)
- 46 LOKA (3)
- 47 SJÓINN (5)

- 49 ELSKA (4)
 - 51 KIÖKUR (3)
 - 52 MERÐ (4)
 - 54 RÁS (2)
 - 55 BÍLLJÓS (7)
 - 57 TUNNU (3)
 - 58 ÓMARGIR (4)
- LÓÐRÉTT**
- 1 HÓTA (4)
 - 2 GORTA (5)
 - 3 BOR (2)
 - 5 TIND (4)
 - 6 SLABB (4)
 - 7 HLIÐUNGUR (5)

- 9 ÍPRÓTTAFÉLAG (4)
- 12 URGÁ (5)
- 13 FÍFLAST (5)
- 14 ENDAVEGGUR (4)
- 16 FASTA STÆRÐ (6)
- 17 UPPHRÓPUN (2)
- 19 GJÁLFRA (5)
- 21 ÁLEITINN (7)
- 23 RÍKI (5)
- 25 Á KIND (3)
- 26 GLUFA (4)
- 29 ÞUKL (3)
- 32 SKÁK (4)
- 34 KJÁNI (4)

- 36 BER AÐ GARÐI (5)
- 37 FUGL (3)
- 38 SAMEINA (6)
- 40 ÓHREINKAÐUR (6)
- 42 SAMÞYKKI (2)
- 44 FÖNN (5)
- 47 NÆ Í (4)
- 48 GUBBUM (4)
- 50 VIÐKVÆMNI (4)
- 51 LENDINGARSTAÐUR BÁTA (3)
- 53 MANNÞVAGA (2)
- 56 TVEIR EINS (2)
- 57 TVEIR EINS (2)

hér&nú

STÚLKAN

**Lilja
Magnúsdóttir
17 ára**



Lilja Magnúsdóttir er úr Grafarvoginum og segist hafa gaman af því að djamma og hitta vini sína.

„Ég ætla bara að fara í útilegur í sumar og svo ætla ég að fara á Þjóðhátíð í Eyjum,“ segir Lilja og bætir við að hún sé á leikandi lausu. Lilja er að vinna í Krónunni um þessar mundir og segir að það sé skemmtilegt fólk að vinna með henni.

SOLARAY®

The Promise of the Rainbow.



Aðeins 1 belgur á dag með mat eða vatni
Ath! Einnig fánleg án járns og K vitamíns




**Heilsu-
hornið**

hollustunnar oegna



Borgartúni 24



Yggdrasil Skólavörðustíg 16



Fjarðarkaupum



Lyfjaval, Pönglabakka

Lyfjaval, Hæðasmára

Stúdió Dan Ísafirði

Lyfja Selfossi

Lífsins lind Hagkaupum

EIN MEÐ ÖLLU HREINLEIKI OG GÆÐI

Innihald í hverjum jurtabelg

Vitamin:

Pro A vitamin (beta karotin 100% náttúrulegt)

D vitamin úr þurrkaði fiskioliu

E vitamin (d - alpha tokoferol 100% náttúrulegt)

C vitamin úr rósaþerjum og acerolaberjum

B-1

B-2

B-3

B-5

B-6

B-12

Biotín

Fólínsýra

K vitamin

Steinefni:

Kalk (amínósýrubundið)

Magnesium (amínósýrubundið)

Sink (amínósýrubundið)

Járn (amínósýrubundið)

Mangan (amínósýrubundið)

Kopar (amínósýrubundið)

Krómi 100% G T F

Selen

Ensim:

Papain úr papaya-ávöxtum

Jurtir og fæðubótarefni:

Alfa Alfa þykkni

Gulrótarþykkni

Spirolina

Steinselja

Rósmarinþykkni

Aloe Vera þykkni

Propolis

Blómafræflar

Lecetín

Fæst m.a. á eftirtöldum stöðum

Glerártorgi, Akureyri, s. 462 1889

PÓSTSENDUM

www.simnet.is/heilsuhorn

MIRALE

BRÚÐARGJAFASÝNING 9.-12. mars



Allir sem skrá sig á
BRÚÐARGJAFALISTA
fyrir 1. júní komast í pott
og geta unnið TIVOLI
hljómþækjasamstæðu að
verðmæti kr. 73,600



ALESSI



opið:
mán.-föstud. 11-18
laugard. 11-16
sunnud. 13-17

MIRALE
Grensásvegi 8
108 Reykjavík
sími: 517 1020


Eitt líf - njótum þess



THE
NeverTurn[™]
MATTRESS



**Páska-
tilboðin í
fullum
gangi**



Spring Air Never Turn heilsudýnan

Dýnan með Míherta stálgormakerfinu „Torsion II“. 806 gormar í Queen stærðinni (152x203 cm).

Steyptar hliðarstyrkingar auka svefnsvæði um allt að 30%. Val um 100% náttúruleg gæðaeefni.

Val um Tallalay Latex eða Laserskorna ConformaFoam yfirdýnu. Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og við hjálpum þér að finna réttu dýnuna fyrir þig!

Fermingartilboð 2006



Heilsudýnur uppbyggðar til að laga sig að þér og þínum líkama

Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Gormakerfið er læst saman langsöm til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma er 220 pr. fm. í Multi Spring kerfinu. Dýnan er með Conforma heilsu og hægindalagi beggja vegna. Steyptir hliðarkantar sem veita 25% meira svefnsvæði.

Crown heilsudýna með botni og löppum:

80x200 cm Verð áður ~~kr. 56.164,-~~ Nú kr. 47.900,-

90x200 cm Verð áður ~~kr. 59.478,-~~ Nú kr. 49.900,-

100x200 cm Verð áður ~~kr. 66.287,-~~ Nú kr. 56.900,-

120x200 cm Verð áður ~~kr. 76.466,-~~ Nú kr. 64.900,-

Standard heilsudýna með botni og löppum:

100x200 cm Verð áður ~~kr. 79.900,-~~ Nú kr. 65.900,-

120x200 cm Verð áður ~~kr. 91.800,-~~ Nú kr. 75.900,-

**Val um hvíta
eða brúna leðurlook botna
með SquareAlu löppum
án aukagjalds!!!**

Gildir aðeins í mars


Einnig flottir gaflar á fermingartilboði

www.betrabak.is

Stillanleg rúm með heilsudýnu

**Betra
BAK**

Páskatilboðin í fullum gangi!!!



Betra bak kynnir ótrúleg tilboð á stillanlegum rúnum með Tempur heilsudýnum. Mesta úrval landsins af stillanlegum botnum í öllum stærðum. Komdu og upplifðu slökun og þægindi á nýjan hátt í stillanlegu rúmi frá Betra bak.

Páskatilboð á teppasettum og náttborðum



Mariola



Troya



Alba



Wing
Litir: ljós eiga
eða wengi



Torro
Litir: Kirsuber



Banderas
Litir: Mahogany



Ade
Litir: Kirsuber
eða beyki.

Fjöldi annarra gerða til sýnis í verslun okkar, Faxafeni 5

**Betra
BAK**

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl 11-16

LOKSINS LOKSINS LOKSINS

Hollywood þægindi á Íslandi!



Hann er til leigu!

- ▶ Hentar vel við ýmis tækifæri, svo sem afmæli, brúðkaup og fundi
- ▶ Tekur 17 farþega
- ▶ Lystisnekkja á hjólum

GOLD LIMO

SÍMI 897 0930 • goldlimo@goldlimo.is